

Boðberi vonar

Páll í Gaulverjabæ og frjálsslynd, kontextúal guðfræði

Fyrri grein

Frjálsslynd guðfræði

Séra Páll Sigurdsson (1839–1887) sem síðast þjónaði Gaulverjabæ gegndi athyglisverðu hlutverki í þeim straumhvörfum sem urðu í íslenskri guðfræði um aldamótin 1900.¹ Um þetta leyti sætti „ríkis-“ eða þjóðkirkjan og hefðbundin túlkun hennar á lútherskri guðfræði töluverðri gagnrýni.² Rúmum áratug eftir dauða Páls brugðust helstu guðfræðingar þjóðarinnar við þessu áreiti með breyttum áherslum sem þeir sóttu til nýjustu guðfræðistefnunnar erlendis, svokallaðrar frjálsslyndrar nýguðfræði eða aldamótaguðfræði. Fóru prestaskólakennararnir Jón Helgason (1866–1942), síðar biskup, og Haraldur Níelsson (1868–1928), síðar prófessor, þar fremstir í flokki.³ Áður en þeir snerust á þessa nýju sveif höfðu tvö rit eftir Pál Sigurdsson þegar komið út sem bentu mjög til þessarar sömu áttar. Þetta voru stök páskaæða og safn 30 predikana. Allar þessar ræður voru fluttar á miklum harðindatímum í sögu lands og þjóðar. Þá sló til að mynda síðast í bakseglin hvað varðar fólksfjölgun í landinu á síðari öldum, sem er glöggt merki þeirra erfiðleika sem þá gengu yfir. Þrátt fyrir þetta eru predikanirnar fullar af von og hvatningu til framfara bæði fyrir þjóðina í heild og einstaklingana sem hana mynduðu. Þessar boðunaráherslur Páls munu koma betur fram í síðari greininni um hann. Ræðurnar sverja sig mjög í ætt við frjálsslyndu guðfræðina eins og hún þróaðist hér um og upp úr aldamótunum 1900. Mikill vafi leikur þó á hvernig lýsa eigi stöðu Páls í íslenskri guðfræðisögu. Eins og oft í sundurgreiningum af líku tagi skipta hugtakanotkun og skilgreiningar

¹ P.S. var bóndasonur úr Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu. Hann útskrifaðist úr Prestaskólanum í ágúst 1863, var næstu þrjú ár barnakennari á Litla-Hrauni við Eyrarbakka, vígðist til Miðdals í Laugardal í ágúst 1866, þjónaði Hjaltabakka á Ásum í tíu ár frá 1870 en Gaulverjabæ frá 1880 til æviloka. Hann lést 1887 aðeins rúmlega 48 ára að aldri. Kona hans var Margarethe Andrea (1841–1938), dóttir Þórðar Guðmundssonar (1811–1892), kammerráðs og sýslumanns á Litla-Hrauni. Þau eignuðust tíu börn en fimm náðu fullorðinsaldri. Árni (1878–1952), síðast prófessor, varð þeirra þekktastur. Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847–2002* 2, [s. l.]: Prestafélag Íslands, 2002, bls. 702–703.

² Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 9–193, hér 92–95; Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 197–421, hér 199–201, 215–217, 223–225, 268–277; Gunnar Kristjánsson, „Kirkjan og bókmenntirnar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 217–222; Hjalti Hugason, „Heiðarleiki og hræsni: Gagnrýni Þorgöls gjallanda á kirkju og presta í *Ofan úr sveitum*“, *Andvari* 138/2013, bls. 105–127.

³ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjód: Sjálfsmynd og staðleysur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, bls. 310, 319–341, 409. Sjá Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk kirkjusaga*, Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2012, bls. 237–240

þar mestu, þ.e. fyrir hvað heitin aldamótuguðfræði, nýguðfræði eða þess vegna frjálslynd guðfræði (í guðfræðisögulegri merkingu) eru látin standa.⁴

Öll þessi heiti á guðfræðistefnu aldamótanna 1900 hafa sína annmarka. Heitið frjálslynd guðfræði er gildishlaðið og hefur óhjákvæmilega „stigmatísingu“ í för með sér þar sem andstæðingar guðfræði af þessu ákveðna tagi eru oft nefndir íhalds-samir. Ekki er þó augljóst að slík lýsing sé ætíð málefnaleg. Þá felur heitið í sér spennu milli tveggja merkingarsviða þar sem það getur annars vegar vísað til ákveð-innar nálgunar eða hefðar í guðfræði en hins vegar afmarkaðrar stefnu í þröngri sögulegri merkingu.⁵ Helst má finna hinum heitunum til foráttu að þau úreldast. Ný guðfræði verður fyrr en varir gömul og með nýjum aldamótum verður heitið alda-mótuguðfræði misvísandi og ónákvæmt. Hér verður ekki gert upp við þessi heiti en litið á þau sem að meira eða minna leyti samheiti á meginstraumi þeirrar guðfræði sem beitt var bæði hér á landi og erlendis til að mæta þeim áskorunum sem guð-fræðin stóð frammi fyrir á ofanverðri 19. öld. Eftirleidis verður heitið frjálslynd guðfræði þó einvörðungu notað og þá alfarið í sögulegri merkingu.

Í þessari grein og annarri til sem birtast mun í næsta hefti þessa rits verður spurt hvaða stöðu Páll Sigurðsson hafði gagnvart frjálslyndu guðfræðinni, hvort líta beri svo á að hann hafi tilheyrt því sögulega tímabili sem einkenndist af henni og hvort ef til vill beri þá að líta svo á að hann hafi verið af fyrstu kynslóð þeirra sem slíka guðfræði boðuðu hér innanlands.⁶ Þá verður einnig spurt hvort líta megi svo á að sú guðfræði sem Páll lagði til grundvallar í ræðum sínum sé dæmi um stefnu sem löngu síðar var nefnd kontextúal guðfræði. Verður það meginefni síðari greinar-innar.

Leitast verður við að svara fyrri spurningunni með stuðningi af greiningum síðari tíma manna á guðfræði Páls, lýsingu samtímamanna, einkum Matthíasar Jochumssonar (1835–1920), á honum sem guðfræðingi, kennimanni og trúmanni,⁷ guðfræði-legri sjálfsmynd Páls, sem og skilningi hans á boðunaráherslum og grundvallar-viðmiðum í guðfræðilegri þekkingarfræði.⁸ Í lokin verður svo vikið að kirkju-gagnrýni og kenningarrýni sem fram kom í predikunum hans; er þar einkum átt við ádeilu hans á kenningu kirkjunnar um „eilífa útskúfun“ sem honum virtist hafa tekið of mikið pláss í uppfærðslu og boðun kirkjunnar.

Mat Matthíasar Jochumssonar á Páli kemur hér til sérstakra álita sökum þess að náíð samband var milli þeirra. Matthías kallaði til dæmis Pál á einum stað ástvin

⁴ Heitið frjálslynd guðfræði vísar til þýskrar guðfræðihefðar sem einkum er rakin til Friedrichs Schleiermacher (1768–1834) og Albrechts Ritschl (1822–1889), nýguðfræði vísar á hinn bóginn til engilsaxneska heimsins og þá ekki síst bókar Englendingsins Reginalds John Campell (1867–1956) *The New Theology* (1907). Í Bandaríkjunum var oft stutt á milli róttækrar nýguðfræði og únitarisma, a.m.k. í hófsamri útgáfu.

⁵ Sjá Sigurjón Arni Eyjólfsson, *Trú, von og hjóð*, bls. 305, 306.

⁶ Hér er ekki fjallað um Magnús Eiríksson „frater“ né heldur Friðrik J. Bergmann, sem einkum störfuðu erlendis þótt báðir kæmu vissulega við sögu hér á landi. Til Sigurjóns Árna Eyjólfssonar er hér sóttur sá háttur að ræða um mismunandi kynslóðir. Sigurjón Arni Eyjólfsson, *Trú, von og hjóð*, bls. 408–412.

⁷ Í annari grein, „...biluð trú og bilaður kristindómur...“! Skiptar skoðanir um Helgidaga-prédikanir Páls Sigurðssonar í Gaulverjabæ“, sem væntanleg er í tímaritinu *Andvara*, gerir höf. grein fyrir viðtökunum sem predikanasafn P.S. hlaut er það kom út. Þar koma einnig fram lýsingar samtímamanna á guðfræði hans og viðbrögð við henni.

⁸ Með guðfræðilegri sjálfsmynd er hér einkum átt við þær lýsingar sem til eru frá hendi Páls á guðfræðilegum áherslum sínum sem og hlutverki og skyldum sem kennimanns.

sinn.⁹ Tengslin voru ekki síst mikil á latínuskólaárunum og svo aftur síðustu árin í lífi Páls er þeir voru orðnir nágrannaprestar.¹⁰ Upphaflega má líta svo á að Páll hafi verið nokkurs konar leiðbeinandi Matthíasar. Síðar urðu hlutverkaskipti þar sem Matthías varð til að kynna Páli ýmsa erlenda guðfræðinga sem áhrif höfðu á báða.¹¹ Ljóst er að Matthías leit svo á að þeir Páll hefðu verið mjög samstiga í predikun sinni.¹² Að einhverju leyti má því líta svo á margt af því sem ritað hefur verið um Matthías eigi að verulegu leyti líka við um Pál og öfugt. Þrátt fyrir þetta er ljóst að vinirnir voru ólíkir. Þjóðskáldið var háfleygur sveimhugi. Páll var aftur á móti jarðbundinn og raunsær. Hér verður því leitast við að hafa Pál sjálfan í brennipunkti.

Páll Sigurðsson var prestaskólageginn eins og flestir íslenskir prestar af kynslóð hans en átti þess ekki kost að nema erlendis líkt og þeir Jón Helgason og Haraldur Níelsson. Hann náði hins vegar langt innan hinnar klassísku, innlendu menntahefðar, varð góður latínumaður og kenndi mörgum undir skóla. Þar á meðal voru menn sem áttu eftir að verða leiðandi í íslensku þjóðlífi, svo sem dr. Valtýr Guðmundsson (1860–1928), prófessor í Kaupmannahöfn, og læknaprófessorarnir Guðmundur Magnússon (1863–1924) og Guðmundur Hannesson (1866–1946), sem allir urðu alþingismenn.¹³ Páll var mikill áhugamaður um viðreisn lands og þjóðar eins og meðal annars má sjá bæði í ýmsum predikunum hans og bréfum.¹⁴ Kom það ekki síst fram í uppeldis- og fræðslumálum.¹⁵ Þá stundaði hann nokkuð ritstörf.

Nóvella eftir Pál, *Draummaðurinn*, birtist í *Norðlingi* haustið 1877. Það er rómantísk ástarsaga sem boðaði að fylgja bæri samvisku sinni og sannfæringu þar sem „guðdómlegur andi“ talaði til manna, leiðbeindi þeim og leiðrétti einmitt eftir þeim leiðum, sem og að engin ógæfa væri verri en „[...] að rjúfa hið heilaga lögmál, sem guð ritar [...] óafmáanlega í mannsins hjarta.“¹⁶ Þá sendi hann frá sér viðamikla skáldsögu, *Aðalstein; Sögu askumanns*, þetta sama ár.¹⁷ Var þetta ein fyrsta íslenska

⁹ Matthías Jochumsson, „Síra Páll Sigurðsson“, *Nýtt kirkjublað* 1. október 1915, bls. 217–219, hér 217–218. Sjá og M[atthías] J[ochumsson], „Séra Páll sál. Sigurðsson (frá Gaulverjarbæ)“, *Ljður* 3. desember 1888, bls. 23; Árni Pálsson, „Matthías Jochumsson og Páll Sigurðsson“, *Á við og dreif: Ritgerðir*, Reykjavík: Helgafell, 1947, bls. 16–19.

¹⁰ Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1959, bls. 135, 139, 149–150, 215; Árni Pálsson, „Matthías Jochumsson og Páll Sigurðsson“, bls. 16–19.

¹¹ Matthías Jochumsson, „Séra Páll sál. Sigurðsson (frá Gaulverjarbæ) [Niðurlag]“, *Ljður* 12. desember 1888, bls. 25–27, hér 26; Matthías Jochumsson, „Síra Páll Sigurðsson“, bls. 217–219; Matthías Jochumsson, *Sögukaflar*, bls. 214–217; Árni Pálsson, „Matthías Jochumsson og Páll Sigurðsson“, bls. 16–19.

¹² Matthías Jochumsson, *Sögukaflar*, bls. 215–217, 338–339.

¹³ „Síra Páll Sigurðsson“, *Nýtt kirkjublað* 15. maí 1915, bls. 113–118, hér 115–116; Matthías Jochumsson, *Sögukaflar*, bls. 149–150.

¹⁴ „Síra Páll Sigurðsson“, bls. 115, 116, 117; „Kaflar úr bréfum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [1]“, *Óðinn* 3/1912 bls. 23–24. Um róttæka samfélagsýn P.S. sjá Gunnar Kristjánsson, „Maður á mörkum: Um séra Matthías Jochumsson“, *Gliman: Óbáð tímarit um guðfræði og samfélag* sérrit 2/2010, bls. 213–222, hér 217.

¹⁵ „Síra Páll Sigurðsson“, bls. 115, 116, 117. „Kaflar úr bréfum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [1]“, bls. 23–24. Bréf Páls í *Óðni* sýna mat hans á menningarlegu ástandi þjóðarinnar, ekki ekki síst í héruðunum umhverfis Gaulverjabæ. Framfarahugur hans í hagnýtum efnun kemur m.a. fram í bréfinu í því að hann vekur máls á að Vestmannaeyingar eignist gufubát til að efla verslun og aðrar samgöngur við fastalandið. Sjá og „Kaflar úr bréfum [svo] frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [2]“, *Óðinn* 4/1912, bls. 30–31; „Kaflar úr bréfum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [3]“, *Óðinn* 5/1912, bls. 39–40; „Kaflar úr bréfum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [4]“, *Óðinn* 6/1912, bls. 48.

¹⁶ „Draummaðurinn [3]“, *Norðlingur* 1. nóvember 1877, d. 73–78. Um gildi samviskunnar og sannfæringarinnar í trúarefnum, sjá síðar.

¹⁷ Sagan kom út að nýju 1955. Páll Sigurðsson, *Aðalstein: Saga askumanns*, Reykjavík: Bókauktgáfan Fjöltnir, 1955.

nútímaskáldsagan og kom út skömmu á eftir brautryðjendaverkum Jóns Thorodd-
sen (1818–1868), *Pilti og stúlku* (1850) og *Manni og konu* (1867).¹⁸ Íslensk skáldsagna-
gerð var því enn á frumstigi. Hlaut sagan slaka dóma, þótti viðvaningsleg og orð-
mörg. Persónusköpun er þar einnig áfátt og er hún fremur fjölskylduróman en
þroskasaga. Þrátt fyrir að vera öðrum þræði rómantísk boðaði sagan nýtt raunsæi í
íslenskum bókmenntum og fól í sér félagslega ádeilu sem og gagnrýni á vanabundna
undirokun ungdómsins, hjúanna og ekki síst kvenna. Þá boðaði sagan veraldlega,
gagnrýna siðfræði, auk þess sem hún fjallaði um rétt einstaklingsins og mikilvægi
góðs uppeldis æskulýðnum til handa.¹⁹ Öll þessi atriði koma einnig fram í predik-
unum Páls og eru til vitnis um að heildstæðar hugmyndir búa að baki höfundarverki
hans.

Þau rit Páls sem líta má á sem guðfræðilegs eðlis komu út eftir dauða hans. Er
þar átt við staka páskaræðu frá 1885 sem gefin var út árið eftir að hann lést (1888)
og húslestrabók sem bar titilinn *Helgidaga-prédikanir* og kom út 1894. Manna á milli
var ritið oft nefnt Páls-postilla. Hvorugt ritið hafði höfundur náð að búa til prent-
unar. Vissulega er þess getið í formála postillunnar að Páll hafi haft hug á að gefa út
eitthvað af ræðum sínum.²⁰ Alls er þó óvíst hvernig predikanasafnið hefði verið
saman sett hefði honum sjálfum auðnast að ganga frá því. Myndinni sem blasir við
af Páli í Gaulverjabæ og guðfræði hans er því ritstýrt af öðrum.

Predikanasafnið hafði að geyma 30 ræður sem fluttar höfðu verið í Gaulverjabæ
og Villingaholti. Elstu ræðurnar voru frá 1880 en sú yngsta frá dánarári Páls (1887).
Rúmur helmingur var frá árunum 1884–1886. Þótt bókin væri markaðsfærð sem
húslestrabók vantaði mikið upp á að hún næði til alls kirkjuársins en til þess hefði
þurft ríflega helmingi fleiri ræður. Predikanirnar dreifðust líka misjafnt á kirkjuárið.
Fjórar tengdust adventu, jólum og áramótum. Þrjár tengdust sunnudögunum eftir
þrettánda en fjórar föstunni. Næst komu ræður fyrir pálmásunnudag, bænadagana
og páskadag og loks 15 fyrir hátíðalaus misserið.²¹ Athygli vekur að engin ræða
tengist hvítasunnunni, hátíð heilags anda, svo mikilvægan sess sem andinn þó skip-
aði í ræðum Páls. Þetta hafði meðal annars í för með sér að Páls-postilla hafði aðra
stöðu en eldri húslestrabækur sem náðu til alls kirkjuársins. Fyrir daga trúfrelsis má
einnig líta svo á að húslestrabækur hafi verið opinber stjórnþæki. Postillu Páls ber
fremur að skoða sem tilboð eða valkost við aðrar bækur.

Að sönnu eru predikanir ávallt byggðar á guðfræðilegri heildarsýn og geta jafnvel
snúist um einstaka trúarlærdóma eða kennisetningar. Oftar en ekki taka þær þó mið
af fleiru: félags- og menningarlegum aðstæðum, daglegu líf fólks og þörfum
safnaðarins í margháttaðu tilliti. Þetta á í svo ríkum mæli við um predikanir Páls

¹⁸ „Sagnagerð frá upplýsingu til raunsæis“, *Íslensk bókmenntasaga* 3, ritstj. Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 495–588, hér 551–554 (Matthías Viðar Sæmundsson).

¹⁹ Guðmundur Danielsson, „Aðalsteinn náði lýðhylli“, *Vísir* 15. desember 1955, bls. 9; Matthías Viðar Sæmundsson, *Ást og útleið: Form og hugmyndafræði í íslenskeri sagnagerð 1850–1920*, *Studia islandica* 44, ritstj. Sveinn Skorri Höskuldsson, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarssjóðs, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1986, bls. 71–74, 78, 80–81; „Sagnagerð frá upplýsingu til raunsæis“, bls. 551–554, 558 (Matthías Viðar Sæmundsson). Sjá og Þorleifur Hauksson, *Sagnalist: Íslensk stíllfræði* 2, Skáldsögur 1850–1970, Reykjavík: Mál og menning, 2003, bls. 43. Athyglisvert er að bæði í Draummanninum og Aðalsteini fjallaði P.S. um hjónaband og foreldraræði en það var málefni sem brann á mörgum um þetta leyti. Sjá Hjalti Hugason, „Heiðarleiki og hræsní“, bls. 105–119.

²⁰ Bjarni Símonarson, „Formáli“, *Helgidaga-prédikanir*, Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1894: bls. iii–vi, hér iii, sjá og vi.

²¹ „Inntak ræðanna“, *Helgidaga-prédikanir*, Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1984, bls. vii–viii.

Sigurðssonar að sumar þeirra þóttu hálfgerðar tækifærisræður.²² Af þessum ástæðum er álitamál hversu nákvæm guðfræðisöguleg staðarákvörðun verður byggð á predikunum einum saman. Vegna þessa edlis ritanna, sem og vegna þess að Páll var ekki háskólamenntaður guðfræðingur, verður hér ekki leitast við að greina hvaða einstakir höfundar hafi verið „lærifæður“ hans eða fyrirmyndir þótt drepið verði á það atriði eftir því sem heimildir gefna tilefni til. Hér verður því leitast við að ákvarða stöðu Páls út frá fleiri sjónarhornum (sjá framar). Tenging predikananna við samtíðaaðstæður gefa rannsakanda á hinn bóginn undir fótinn með að Páll Sigurðsson geti talist kontextúal guðfræðingur eins og einkum verður komið inn á í síðari greininni.

Greining síðari tíma fræðimanna — Túlkunarsaga

Guðfræðisöguleg staðarákvörðun Páls Sigurðssonar veltur mikið á hvernig tíma-skeið eru mörkuð og skiptir þá mestu hvenær talið er að tímabil frjálsslyndu guðfræðinnar hefjist hér. Pétur Pétursson notar jöfnum höndum heitin frjálsslynd guðfræði og nýguðfræði og telur „almennt viðurkennt“ að Matthías Jochumsson hafi verið fyrsti hérlendi guðfræðingurinn til skipa sér undir merki hennar. Þá telur hann Jón Helgason hafa snúist til fylgis við hana í deilum við Guðmund Hannesson lækni um trúarádeiluljóð Þorsteins Erlingssonar (1858–1914) 1898.²³ Sigurður Árni Þórðarson kys að nota heitið nýguðfræði fyrir íslensku útgáfuna af frjálsslyndu guðfræðinni um aldamótin 1900 og lítur svo á að skeiðið hafi hafist 1899 með deilum Jóns Helgasonar og Davids Östlund (d. 1931), forystumanns adventista hér.²⁴ Sigurjón Árni Eyjólfsson telur að almennt séð sé litið svo á að tímabil frjálsslyndu guðfræðinnar í Evrópu hafi staði yfir á árabílinu 1860–1914 þrátt fyrir að hann álíti þau ártöl hvorki marka upphaf né lok þess.²⁵ Hann telur þó Jón Helgason, Harald Niels-son og Friðrik J. Bergmann (1858–1918) í Vesturheimi upphafsmenn stefnunnar hér og miðar upphaf hennar við aldamótin 1900 líkt og Sigurður Árni.²⁶ Líkt hafa fleiri farið að.²⁷ Sé tekið mið af þessum túlkunum var Páll Sigurðsson löngu látinn og postilla hans fyrir nokkru komin út áður en tímabil frjálsslyndu guðfræðinnar hófst. Hér er þó að fleiru að hyggja.

²² „Bókmenntir. — Helgidagapredikanir eptir séra Pál Sigurðsson í Gaulverjabæ (†1887) [...]“, *Þjóðólfrur* 16. nóvember 1894, bls. 213–214, hér 214.

²³ Pétur Pétursson, „Deilan um Þyrna Þorsteins Erlingssonar: Guðmundur Hannesson lækni gegn guðfræðingunum Jóni Helgasyni og Haraldi Níelssyni“, *Ritröð Guðfræðisöfnunar* 23/2006, bls. 155–172. P. P. lítur raunar svo á að Jón Helgason hafi orðið fyrstur til að kynna hér frjálsslynda guðfræði í þeirri útgáfu sem rekja má beint til A. Ritschls. Pétur Pétursson, „Frelsi landanna“: Nýja guðfræðin og þjóðfrelsisbarátta Íslendinga í upphafi 20. aldar“, *Rannsóknir í félagsfræðum* 7/2006, bls. 149–160, hér 152–153.

²⁴ Sigurður Árni Þórðarson, „Upprifa nýguðfræðinnar?“, *Gliman: Óháð tímarit um guðfræði og samfélag* sérrit 2/2010, bls. 185–199, hér 188–189. Sjá og Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 226–227.

²⁵ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóð*, bls. 305.

²⁶ Auk þeirra telur hann Þórhall Bjarnarson (1855–1916) og Sigurð P. Sivertsen (1868–1938) til fyrstu kynslóðar frjálsslyndra guðfræðinga. Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóð*, bls. 308, 310–311, 409. Svipað gerir Hjalti Hugason án þess þó að vera að leita að upptökum stefnunnar hér á landi. Hjalti Hugason, „... úti á þekju þjóðlífsins“. Samband þjóðkirkju og þjóðar við upphaf 20. aldar“, *Gliman: Óháð tímarit um guðfræði og samfélag* sérrit 2/2010, bls. 97–125, hér 97–98.

²⁷ Móeiður Júníusdóttir telur upphaf stefnunnar hér á landi vera upp úr aldamótunum 1900. Móeiður Júníusdóttir, „Frjálsslynda guðfræðin haslar sér völl á Íslandi: Jón Helgason og Magnús Jónsson“, *Gliman: Óháð tímarit um guðfræði og samfélag* sérrit 2/2010, bls. 127–143, hér 128.

Gunnar Kristjánsson hefur einna oftast fjallað um frjálsslyndu guðfræðina á síðari árum. Dregur hann meðal annars upp skýr kennimörk hennar, sem geta raunar bæði átt við stefnuna í þeirri guðfræðisögulegu merkingu sem hér liggur til grundvallar og í almennari skilningi. Bendir hann á að frjálsslynd guðfræði telji trúarreynslu og sannfæringu einstaklingsins æðri en opinberar játningar og helgisiði; hún leitist við að eiga samleið með „nú tímalegri“ hugsun, menntun og menningu og standast þar með kröfur skynseminnar og í þriðja lagi standi hún vörð um sjálfsforræði einstaklingsins meðal annars hvað varðar trúarafstöðu og trúariðkun. Þá telur hann frjálsslynda guðfræði setja Jesúm Krist og einstaklinginn í forgrunn.²⁸ Ennfremur bendir hann á að samkvæmt henni sé guðsríki eitt meginatriðið í boðskap Krists. Loks getur hann sögulega gagnrýnina viðhorfa í biblíurannsóknnum og túlkun á hefðbundnum kirkjukeningum og telur þau meðal einkenna á stefnunni, auk bjartsýnnar söguskoðunar og mannskilnings.²⁹ Sé gengið út frá þessum viðmiðum opnast leið til aukins sveigjanleika í tímabilaskiptingum. Lítur Gunnar enda svo á, líkt og Pétur Pétursson, að Matthías Jochumsson hafi orðið fyrstur til að ryðja stefnunni braut hér.³⁰ Róta frjálsslyndu guðfræðinnar hér telur Gunnar því vera að leita fyrr en framar getur, eða á síðasta fjórðungi 19. aldar og telur þá Matthías og Pál Sigurðsson meðal upphafsmanna hennar.³¹ Frjótt virðist að ganga út frá inntakslegri greiningu við afmörkun á stefnunni, líkt og Gunnar gerir, og leyfa þeirri spennu sem felst í heitinu frjálsslynd guðfræði að hafa nokkur áhrif á það hvenær tímabilið sem við hana er kennt er talið hefjast. Verður tekið mið af þeirri aðferð hér.

Sé vikið að túlkunum á guðfræði Páls Sigurðssonar sérstaklega ber fyrst að geta mats Jóns Helgasonar sem lét svo um mælt í kristnisögu sinni (1927) að predikanir Páls hefðu vakið mikla eftirtekt „[...] vegna óvenjulegs frjálsslyndis í trúarskoðunum, sem kemur fram hjá höfundinum.“³² Við útgáfu *Helgidaga-prédikana* Páls, um 30 árum áður, hafði Jón á hinn bóginn gagnrýnt þær mjög. Þarna virðast dómur hans hafa mildast og er það í takt við guðfræðileg straumhvörf sem orðið höfðu hjá honum sjálfum sem horfið hafði frá guðfræði í anda nýréttrúnaðar og dansks vakningarkristindóms til frjálsslyndrar guðfræði.

²⁸ Gunnar Kristjánsson, „Frjálsslynd guðfræðihefð: Um frjálsslynda þjóðkirkju, guðfræði og trúrækni“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 28/2009, bls. 22–36, hér 26–27.

²⁹ Gunnar Kristjánsson, „Kirkjan í keng. Hugleiðingar um þróun íslensku þjóðkirkjunnar á tuttugustu öld“, *Andvari* 125/2000, bls. 69–80, hér 72.

³⁰ Gunnar Kristjánsson, „Frjálsslynd guðfræðihefð“, bls. 22; sami, „Frjálsslynd guðfræði í nýju ljósi“, *Glíman: Óháð tímarit um guðfræði og samfélag* sérrit 2/2010, bls. 13–27, hér 14; sami, „Frjálsslynd guðfræði. Ný aðkoma að sterkri hefð“, bls. 1, gunnarkristjansson.net, sótt 26. október 2017 af gunnarkristjansson.net.

³¹ Gunnar Kristjánsson, „Kirkjan í keng“, bls. 71; sami, „Maður á mörkum“, bls. 217. Um aldamótin 2000 leit Gunnar á Matthías og Pál sem „frumkvöðla aldamótaguðfræðinnar“. Gunnar Kristjánsson, „Húspostilla Páls Sigurðssonar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 49–53, hér 49. Í nýlegu erindi lítur hann fremur á þá sem „forfeður“ frjálsslyndu guðfræðinnar héraðs en telur að með kynslóð Jóns Helgasonar öðlist hún almenna viðurkenningu. Gunnar Kristjánsson, „Jón Helgason og frjálsslynd guðfræði“, gunnarkristjansson.net, sótt 5. apríl 2017 af <https://gunnarkristjansson.net/ritgerdir-og-greinar/>. Gunnar virðist því líta svo á að þeir Matthías Jochumsson og P.S. hafi átt mikla samleið með frjálsslyndu guðfræðinni í þeirri mynd sem hún ruddi sér til rúms síðar og þeir hafi rutt veginn fyrir hana án þess þó að tilheyra tímabili frjálsslyndu guðfræðinnar á sama hátt og þeir guðfræðingar sem voru í fararbroddi um og upp úr aldamótunum 1900.

³² Jón Helgason, *Kristnisaga Íslands frá öndverðu til vorra tíma* 2, Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1927, bls. 357. Um svipað leyti var ritstörfum og guðfræði P.S. lýst svo: „Sjera Páll Sigurðsson ritaði skáldsögu fremur langa, Aðalstein, en sem sýnist hafa fallið niður á milli fjala, í meðvitund manna hjer, og hann gaf út þrjú predikanir, sem vöktu mikla eftirtekt, því kenningar hans voru nokkuð frábrugðnar því, sem þá var kent hjer á landi. — Þar var meiri skynsemistrú en almennt gerðist hjá prestum.“ I. E., „85 ára“, *Morgunblaðið* 5. ágúst 1926, bls. 2. Þar með virðist P.S. fremur tengdur upplýsingartímanum en frjálsslyndu guðfræðinni.

Gunnar Benediktsson (1892–1981), prestur og rithöfundur, birti athyglisverða greiningu á framlagi og áhrifum Páls í róttæka tímaritinu *Rauðum þennum* 1937. Þar rakti hann þau straumhvörf sem urðu með eflingu borgaralegrar menningar á 19. öld er verið hefðu í mikilli andstöðu við trúarbrögð. Má í því sambandi benda á þær hræringar sem Georg Brandes (1842–1927) kom af stað í Danmörku og höfðu töluverð áhrif meðal menntamanna hér.³³ Taldi Gunnar marga presta hafa snúist til fylgis við þessa gagnrýnu strauma án þess að láta það uppskált eða leyfa þeim að endurnýja boðun sína. Þvert á móti hefðu þeir haldið áfram hefðbundinni eða staðnaðri predikunarhefð er hefði veikt stöðu kirkjunnar í samfélaginu mikið. Taldi hann Pál í Gaulverjabæ einu undantekninguna í hópi þeirra presta er honum voru samtíða. Kvað hann Pál hafa flutt sóknarbörnum sínum „[...] hinn gleðilega boðskap frelsis og framfara“ í þeirri mynd sem höfðaði til samtímans.³⁴ Gunnar taldi að þrjú meginstef hefðu einkennt predikanir Páls, sem sé áhersla á uppeldismál, framfarir á vettvangi þjóðlífsins og gagnrýni á kirkjuna og boðskap hennar.³⁵ Gunnar áleit rauða þráðinn í kenningu Páls enn fremur hafa verið að finna í boðskap hans um guðsríkið og að hann hefði talið komu þess felast í allsherjarframförum mannsins og að helstu einkenni þess væru sannleikur, frelsi og réttlæti.³⁶ Gunnar Benediktsson taldi að kenning Páls Sigurðssonar hefði brotið mjög í bága við kenningarmáta kristinnar kirkju, bæði fyrr og síðar, og að víða hefði hann ráðist óþyrmilega á undirstöðuatriði hennar. Þó hefði farið minna fyrir beinni kirkjugagnrýni í postillu hans en við hefði mátt búast. Það taldi Gunnar geta stafað af því að róttækasta gagnrýnin hefði verið sniðgengin þegar ræður voru valdar í safnið.³⁷ Þessi greining Gunnars Benediktssonar er, eins við er að búast, fremur á félagslegum en guðfræðisögulegum nótum en varpar mikilvægu ljósi á almennt hugmyndasögulegt framlag Páls.

Snæbjörn Jónsson (1887–1978) bókaútfandi gaf páskaæðu Páls frá 1885 út að nýju er 100 ár voru liðin frá fæðingu höfundarins (1939). Hann leit svo á að Páll hefði verið tímamótaguðfræðingur sem fyrstur manna ásamt, Matthíasi Jochumssyni, hefði boðað frjálslýnda guðfræði, líkt og Haraldur Níelsson síðar. Taldi hann þetta frumkvæði Páls athyglisvert fyrir þá sök að hann hefði talað yfir „[...] lítt fræddum söfnuði bænda og kotunga“ en Haraldur haft menntaðasta hluta þjóðarinnar að áheyrendum og auk þess verið að minnsta kosti áratug síðar á ferðinni.³⁸

Framar hefur verið dregið á skilgreiningu Gunnars Kristjánssonar á frjálslýndu guðfræðinni, afmörkun á tímabili hennar og stöðu Páls Sigurðssonar hvað það varðar. Ýtarlegust eru skrif Gunnars um guðfræði Páls líklega í *Kristni á Íslandi* (2000) en þar lítur hann svo á að telja megi Pál og Matthías Jochumsson frumkvöðla frjálslýndu guðfræðinnar. Bendir hann á að Matthías hafi sjálfur sagst hafa kynnt rit

³³ Jens Holger Schørring, „1800 til i dag“, *Kirkens historie* 2, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, 2012, bls. 383–746, hér 495, 570, 578. Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 43–44, 46, 123. Gunnar Kristjánsson, „Kirkjan og bókmenntirnar“, bls. 219. Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 226, 241, 404.

³⁴ Gunnar Benediktsson, „Séra Páll Sigurðsson: (50 ára dánarminning)“, *Rauðir þennar: Safn af sögum, ljóðum og ritgerðum eftir nýjustu innlenda og erlenda höfundum*, Reykjavík: Mál og menning, 1937, bls. 85–109, hér 89, 108–109.

³⁵ Gunnar Benediktsson, „Séra Páll Sigurðsson“, bls. 97–108.

³⁶ Gunnar Benediktsson, „Séra Páll Sigurðsson“, bls. 89–97.

³⁷ Gunnar Benediktsson, „Séra Páll Sigurðsson“, bls. 102.

³⁸ Sn[æbjörn] J[ónsson], „Forspjall“, *Páskaæða*, Reykjavík: Snæbjörn Jónsson, 1939, bls. 5–15, hér 12–13, 14–15.

Williams Ellery Channing (1780–1842) fyrir Páli en Channing var áhrifamikill boðberi únítarisma í Bandaríkjunum og hafði mikil áhrif víða um lönd.³⁹ Telur Gunnar að í predikunum Páls megi finna mörg helstu einkenni frjálslyndu guðfræðinnar „[...] skýrt og greinilega.“⁴⁰ Nefnir hann meðal annars í því sambandi gagnrýni á viðtekna túlkun Biblíunnar og játningarbundna boðun kirkjunnar.⁴¹

Þá telur ævisöguritari Matthíasar Jochumssonar, Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, að það hafi komið í hluta næstu kynslóðarinnar á eftir þeim Matthíasi og Páli að móta aldamótaguðfræðina.⁴² Hún virðist því sammála Gunnari Kristjánssyni um að þá beri fremur að telja fyrirrennara tímabilsins en af fyrstu kynslóð þess.

Torfi K. Hjaltalín Stefánsson getur þess loks í kirkjusögu sinni (2012) að undir lok 19. aldar hafi hugvekjur Páls verið vinsælar auk postillna biskupanna Péturs Péturssonar (1808–1891) frá 1856 (síðasta útg. af fjórum 1914) og Helga G. Thordersen (1794–1866) frá 1883.⁴³ Hann fjallar aftur á móti ekki um guðfræðina í Páls-postillu. Þá er torvelt að skera úr um hve vinsæl eða áhrifamikil hún var í raun.⁴⁴

Mat samtímanna

Matthías Jochumsson var sá prestur og guðfræðingur sem stóð Páli Sigurðssyni næst enda samband þeirra náði. Sjónarhorn Matthíasar er því meira í ætt við guðfræðilega sjálfsmynd Páls en greiningar síðari tíma höfunda. Skömmu eftir lát Páls lýsti Matthías trúarafstöðu hans og guðfræðimótun svo að lítið hefði gætt hjá honum efasemda framan af. Hins vegar hefði verið orðin nokkur breyting á er hann kom að Gaulverjabæ (1880):

Hans upprunalega skarpleiksgáfa hafði töluvert þroskast, og hugsun hans orðið sjálfstæðari og fastari við form og frumlög röksemda. Og hans gamla sannleiksást var ekki orðin laus við einskonar einræni eða tortryggni, þar sem hann þóttist finna eitthvað ósatt eða veilt fyrir. Þessari kritísku gáfu beitti hann við allt, sem um var talað: pólitík, landssið, bækur, skáldskap, en ekki sízt við hina gömlu svonefndu rétttrúan (orthodoxiu). Hann hafði þá lesið ýmsa framsóknarhöfunda hinnar nýju guðfræði [...] Komum við okkur þar opt vel saman, en stundum þótti mér hann einrænn eða fara oflangt. Honum hætti og við, jafnvel í stólsræðum, að leggja of mikla rækt við hið skilningslega, sannanir, ljósleik og skarpleik, vildi þá stundum til að hið kennimannlega og trúarlega, hjá honum

³⁹ Gunnar Kristjánsson, „Húspostilla Páls Sigurðssonar“, bls. 50. Sjá „Síra Páll Sigurðsson“, bls. 116. Gunnar Kristjánsson, „Maður á mörkum“, bls. 220–221. Sjá og nmgr. 4 hér framar.

⁴⁰ Gunnar Kristjánsson, „Húspostilla Páls Sigurðssonar“, bls. 49–50. Sjá og „Síra Páll Sigurðsson“, bls. 115. Jakob Jónsson taldi P.S. fyrsta nýguðfræðinginn sem nokkuð hefði kveðið að í íslenskum predikunarstóli og taldi ræður hans hafa notið fádæma vinsælda. Áleit hann bókina hafa haft svipaða stöðu og Vídalínsposilla áður og ræðusafn Haraldar Níelssonar síðar. Jakob Jónsson, „Páskaræða séra Páls Sigurðssonar í þriðju útgáfu“, *Heimskringla* 3. maí 1939, bls. 4. Sjá og Guðmundur Daníelsson, „Aðalsteinn náði lýðhylli“, bls. 9.

⁴¹ Gunnar Kristjánsson, „Húspostilla Páls Sigurðssonar“, bls. 50.

⁴² Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, *Upp á sigurbadúr: Saga Matthíasar Jochumssonar*, Reykjavík: JPV-útgáfa, 2006, bls. 406, 508–509.

⁴³ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk kirkjusaga*, bls. 235. sjá og Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 109. P.S. taldi predikanir Helga sigurstranglegrí en postillu Péturs sem þó kom út í fleiri útgáfum. Um bók Helga sagði hann þó að nauðsynlegt hefði verið að fá „[...] eitthvað meira af andlegu nýnæmi í nýrri postillu.“ Sjá „Kafar úr brjefum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar lækni í Vestmannaeyjum [3]“, bls. 40.

⁴⁴ Sjá væntanlega grein sbr. nmgr. 7.

fengi alveg nýtt snið. Frá hinni venjulegu útlistun margra „höfuðlærdóma“ veik hann þá töluvert, þó optast nær kæmi allt að lokum í sama stað niður hvað undirstöðuna snerti, hið alsanna og sameiginlega í kristindóminum.⁴⁵

Af þessum orðum er ljóst að Matthías leit svo á að persónuleg straumhvörf hefðu orðið hjá Páli er gert hefðu hann gagnrýnni bæði í trúarlegum og félagslegum efnum. Þá lýsti Matthías Páli sem heiðarlegum manni er kostað hefði kapps um að vera sjálfum sér samkvæmur og ófús til málamiðlana er sannfæring hans var annars vegar.

Meðal áhrifavalda Páls taldi Matthías við þetta tækifæri upp Þjóðverjana Fr. Schleiermacher, sem almennt er talinn einn af helstu upphafsmönnum frjálslyndu guðfræðinnar, og K. A. von Hase (1800–1890); H. L. Martensen (1808–1884), einn helsta fylgjanda Schleiermachers í Danmörku; enska kongregasjónalistann J. Parker (1830–1902) og bandarísku únítarana J. Freeman Clarke (1810–1888) og W. E. Channing, sem löngum hefur verið talinn helsti lærifaðir Páls.⁴⁶

Tæpum 30 árum síðar lýsti Matthías Páli sem prestri á þennan hátt:

Aðaleinkunnir síra Páls voru þeir kostir, sem öllum fara bezt, en framar öllum öðrum klerkum og kennimönnum, en þeir kostir [svo] eru: sannleiksást, hreinskilni og einurð — eins og síra Páll sjálfur bentí mér á einu sinni með versí síra H.P.:

Jesús vill, að þín kenning klár
kröftug sé, hrein og opinskár,
lík hvellum lúðurs hljómi.
Launsmjæðran öll og hræsnin hál
hindrar guðs dýrð, en villir sál,
straffast með ströngum dómi.⁴⁷

Leit Matthías svo á að Páll hefði staðið við þessi orð en líta má á versíð sem eins konar einkunnarorð hans á vettvangi predikunar.⁴⁸ Einnig sagði Matthías á sama stað:

Báðir vorum við menn trúhneigðir, en jafnframt fullir efasemda. Þó reyndi hann fyrstu árin að setta sig við rétttrúnaðinn og sýndi mikla alvöru og vandlæti. En það olli honum mikillar hugsýki. „Fólk trúir engu (skrifaði hann) og gerir mig ráðalausán. Er ekki kenningin í mörgu orðin á eftir hugsun og skilningi tímans?“ Eg hafði þá fengið rit dr. Channings og skrifaði honum og sendi helztu skoðanir þess mikla snillings. Úr því skorti okkur ekki efni um að skrifa og þarf eg hér ekki frekar að orðlengja það mál, sem þennan æskuvin minn gerði þjóðskörung.⁴⁹

Af orðum Matthíasar má enn ráða að straumhvörf hafi orðið hjá Páli og þá ekki síst á því tímabili er hann þjónaði Hjaltabakka. Þá virðist Matthías hafa litið svo á að skapgerð Páls eða persónuleiki hafi haft mikilvæg áhrif á framsetningarmáta hans.

⁴⁵ Matthías Jochumsson, „Séra Páll sál. Sigurðsson (frá Gaulverjarbæ) [Niðurlag]“, bls. 26.

⁴⁶ Matthías Jochumsson, „Séra Páll sál. Sigurðsson (frá Gaulverjarbæ) [Niðurlag]“, bls. 26. Sjá og Sn[æbjörn] J[ónsson], „Forspjall“, bls. 13–14; Matthías Jochumsson, *Sögukaflar*, bls. 215–216; Árni Pálsson, „Matthías Jochumsson og Páll Sigurðsson“, bls. 17–18. Sjá Jens Holger Schørring, „1800 til í dag“, bls. 403–405, 463–464; Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 279, 339, 383–384, 406, 486–487, 570. Sjá Gunnar Kristjánsson, „Maður á mörkum“, bls. 220–222.

⁴⁷ Matthías Jochumsson, „Séra Páll Sigurðsson“, bls. 219. Sjá og Matthías Jochumsson, „Séra Páll sál. Sigurðsson (frá Gaulverjarbæ) [Niðurlag]“, bls. 26. Á þessum stað hafði M.J. eftir P.S. að hann hafi talið „[...] að íslenskum prestum væri nálega fyrirmunad að þjóna Guði og kristindóminum, svo bendlaðir væru þeir við basl veraldarvafs“. Taldi hann að prestar ættu að geta helgað sig prestskapnum alfarið. Hér er vitnað í 12. vers í 10. Passíusálmi.

⁴⁸ Matthías Jochumsson, „Helgidaga-prédikanir séra Páls sál. Sigurðssonar“, *Þjóðólfrur* 4. febrúar 1895, bls. 21.

⁴⁹ Matthías Jochumsson, „Séra Páll Sigurðsson“, bls. 219. Löngu áður, eða 1888, hafði Matthías lýst trúarafstöðu P.S. svo að hann hefði alla ævi verið „[...] trúmaður í þess orðs bezta skilningi. Virðing hans fyrir hinu sanna, rétta, góða og heilaga spratt ávallt af einni rót: lotningu hans fyrir Guði, sem var hans eina og algilda hugsjón, mark og mið. Matthías Jochumsson, „Séra Páll sál. Sigurðsson (frá Gaulverjarbæ) [Niðurlag]“, bls. 26. Um undirtektir við predikunum þeirra P.S. sjá Matthías Jochumsson, *Sögukaflar*, bls. 338–339.

Þá má geta þess að þegar páskapredikunin frá 1885 var gefin út stök ári eftir dauða Páls var ritað í eins konar eftirmála hennar að Páll hafi verið „[...] einkar vel gáfaður maður og ágætur prestur [...]“ og að ræða hans sýndi „[...] að hann ekki hefir hangið í bókstafnum, heldur hefir hann leiðzt af andanum.“⁵⁰ Um ræðuna sjálfa sagði: „Ræðu þessa álitum vjer svo kristilega, og vel hugsaða, að hún hljóti að vekja sannkristna huggun og hugsvölun í allra þeirra hjörtum, sem hana lesa, [...]“⁵¹ Um þetta atriði gætti þó vissulega skiptra skoðana. Um inntak ræðunnar verður fjallað hér síðar.

Greining ýmissa annarra samtímamanna á guðfræði Páls kemur fram í dómum þeirra um *Helgidaga-prédikanir* hans. Auk Matthíasar mærdðu Valdimar Briem (1848–1930), sálmaskáld og síðar vígslubiskup, og Guðmundur Friðjónsson (1869–1944), skáldbóndi á Sandi í Aðaldal, postilluna. Helstu gagnrýnendurnir voru á hinn bóginn vestur-íslensku prestarnir Jón Bjarnason (1845–1914) og Friðrik J. Bergmann, auk Jóns Helgasonar, sem enn hafði ekki snúist á sveif með frjálslyndu guðfræðinni. Þeir litu allir þrír svo á að Páll aðhylltist únítaríska kristindómsskoðun en þó af fremur hófstilltu tagi í líkingu við þá sem W. E. Channing boðaði. Þá fundu þeir það að boðun Páls að hún einkenndist af menntunarskortri er ylli því að hann misskildi eða þekkti ekki evangelísk-lútherskan kristindóm. Kunna einkum dómar þeirra Friðriks og Jóns Helgasonar að byggjast á því að þeir voru mun yngri en Páll og höfðu menntast erlendis. Þeir Matthías, Valdimar Briem og Guðmundur Friðjónsson gengu ekki eins langt í að reyna að skipa Páli á guðfræðisögulegan bás heldur sögðu kost og löst (einkum tveir þeir fyrrnefndu) á ræðunum en hrósuðu höfundu allir fyrir einurð, einlægni og skoðunarfestu.⁵²

Guðfræðileg sjálfsmynd

Guðfræðileg sjálfsmynd Páls Sigurðssonar kemur, eins og bent var á, fram í því hvernig hann lýsti áherslum í boðun sinni, hvernig hann skildi hlutverk sitt sem kennimanns og hverjar hann taldi að grunnviðmiðanir trúarlegrar þekkingar ættu að vera. Þessa sjálfsmynd sína tjáði Páll til dæmis á nokkuð stórkarlalegan hátt í vinarbréfi til Þorsteins Jónssonar (1840–1908), læknis í Vestmannaeyjum, 1882, eða á öndverðu því skeiði sem predikanirnar í húslestrabókinni urðu til á:

„Jeg hef sem prestur hafnað öllu dogmatísku rugli og kenni „veraldlega“ [þ.e.] að maður tæpast muni lifa hinu lífinu sem maður, ef maður lifir þessu sem golþorskur eða verr.“⁵³

Þessi sjálfslýsing skýrist nánar af gagnrýni Páls á þá aðferð sem hann taldi ráða ferðinni í boðun kirkjunnar, hvort sem var í predikun eða kverfræðslu. Fólst hún að hans mati í útlistunum á hefðbundnum kennisetningum sem ungdóminum væri

⁵⁰ Útgefendurnir, „[án titils]“, *Páskaræða eftir síra Pál Sigurðsson í Gaulverjabæ (1885)*, Reykjavík: [s.n.], 1888, án blaðsíðutals.

⁵¹ Útgefendurnir, „[án titils]“, án blaðsíðutals.

⁵² Sjá væntanlega grein sbr. nmgr. 7.

⁵³ „Kaflar úr brjefum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [1]“, bls. 23. Varðandi orðalagið ber að athuga að ummælin voru látin fjúka í einkabréfi. Þá skal bent á að Matthías Jochumsson lýsti P.S. sem sérstökum og myndnum manni. Sjá m.a. Matthías Jochumsson, *Sögukaflar*, bls. 57. Sjá og Sn[æbjörn] J[ónsson], „Forspjall“, bls. 10. Síðar sagði P.S. í bréfi til Þorsteins: „Mig ragar ekki um dogmatískan heilaspuna, heldur um praktískan sannleika. „Kaflar úr brjefum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [3]“, bls. 40.

ætlað að læra utanað og ungum sem öldnum að samsama sig með. Í stað þeirra fermingarkvera sem notuð voru um þetta leyti vildi hann — svo að enn sé vitnað til einkabréfs:

[...] einfaldar og sannar upplýsingar um himnaföðurinn og um manninn og ákvörðun hans; meira þarf ekki, og geta þeir sannlega sparað sjer heilan hóp af „dogmata“, sem ekki miða til annars en að villa börnin, rígbinda anda þeirra, kæla hjörtu þeirra, drepa frelsisást þeirra og gera þau leið á öllu bóknámi og fáfróð um mark og mið lífsins.⁵⁴

Gagnrýni Páls á „dogmatíska“ áherslu í boðun kirkjunnar kom einnig fram í *Helgidaga-prédikunum* hans. Í predikun á 2. sd. e. þrettánda (1884) sagði hann til dæmis að „[...] biflián [væri] að kenna fyrir lífið [...]“ og að hún þekkti ekki „[...] þau takmörk milli hins andlega og veraldlega í kenningunni, sem mennirnir leyfa sér að setja“.⁵⁵ Síðan sagði hann:

Þessi kenningaraðferð ritningarinnar er eptirtektarverð. Því að kristindómskennslan nú á dögum sýnist víða hvar vera fólgin í því, að menn fram setja og fastákveða vissa trúarlærdóma og ætla svo prédikaranum að hreyfa sig alla jafna eins og í hring utan um þessar ákveðnu trúargreinir; en við þetta verður prédikarinn framfaraless og gjörir ekkert annað en að ítreka ár og síð sömu kenningar.⁵⁶

Taldi hann þetta andstætt fordæmi Krists sem ekki hefði haldið sig við ákveðinn „hugmyndahring“ heldur tekið tilefni af atvikum daglegs lífs.⁵⁷ Á öðrum stað (8. sd. e. þrenningarhátíð 1881) sagði hann líka:

Guðfræðiskenningar, trúargreinir, fræðapulur, kirkjugöngur, húslestrar, ölmusugjörðir, meinlætningar og aðrir þvítíkir hlutir hafa ranglega verið settir í öndvegi og taldir vera höfuðatriði guðsríkis. En um leið og menn hafa gjört þetta, þá hefir þeim sézt yfir þann sannleik, að hinn sanni vegur til guðsríkis og sjálft guðsríki er einmitt andi og líf drottins vors Jesú Krists.⁵⁸

Hann var enn inni á svipuðum brautum á 10. sd. e. þrenningarhátíð (1886):

Hafi þeir verið tímarnir, að lúterska kirkjan á Íslandi gjörði minna gagn en vænta mátti, hafi hún ekki megnað að varðveita landslýðinn fyrir andlegri og líkamlegri undirokun, þá er auðvitað orsökina sú, að sannleikurinn í henni hefir ekki náð að njóta sín. Það hafa þá annaðhvort *villur í trú* verið boðaðar samhliða sannleikanum, og þær dregið úr honum kraft og aftrað verkunum hans, eða þá að boðunaraðferðin hefir verið sú, að kristindómurinn hefir verið boðaður sem þula og með valdi, eftir skipun landsstjórnarinnar, en ekki boðaður sem andi og líf.⁵⁹

Hér koma fram mörg sterk einkenni á guðfræði Páls, gagnrýni á stíðnaða boðunaraðferð og áhersla á „andlega“ túlkun á kristinni kenningu í stað bókstafs-túlkunar sem og sú áhersla að kristindóminum væri ætlað að leysa manninn undan andlegri og líkamlegri undirokun sem var uppistaða í guðfræði hans. Hún sver sig þar með í ætt við frjálslynda kontextúal guðfræði.

Páll áleit vissulega að þessi „dogmatíska“ boðunaraðferð væri ekki einvörðungu kirkjustjórninni að kenna heldur létu prestar í þessu efni ekki síður eftir væntingum

⁵⁴ „Kafur úr brjefum frá síra Páli Sigurðssyni [1]“, bls. 24. Sjá og „Brjef frá sunnlenskum presti“, *Fróði* 23. nóvember 1882, d. 339. P.S. ritaði umrætt bréf.

⁵⁵ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1894, bls. 58.

⁵⁶ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 58–59, sjá og 120.

⁵⁷ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 59.

⁵⁸ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 200. Að mati P.S. var þessi „dogmatíska“ aðferð andstæð sjálfskilningi „prótestantísku“ kirkjunnar sem hann taldi felast í að hún leitaði sannleikans í öllum efnunum og kvæðist vera „[...] kirkja rannsókn í trúarefnum, [...]“. Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 10. (Í útgáfunni frá 1888 er ekki að finna eiginlegt titilblað en á ígildi þess stendur: „Hvernig fer kirkjan með kenninguna um dauðann og eilífa útskúfun?“. Annars var ræðan prentuð undir þessari yfirskrift: „Páskaræða eptir síra Pál Sigurðsson í Gaulverjabæ (1885)“. Sjá og Einn af lærísveinum ríkiskirkjunnar, „Enn um Bj. Björnson“, *Djóðólfrur* 3. mars 1883, bls. 29. P.S. ritaði greinina.

⁵⁹ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 227–228.

safnaðanna eða, eins og hann sagði í aðfarapredikun sinni í Gaulverjabæ á 5. sd. e. þrenningarhátíð 1880:

Nú aftur á móti í kristninni er fjöldi tilheyrendanna svo síðaður, að hann kann ekki öðru, vill ekki annað heyra en biflumálið svo kallað eða réttara sagt guðfræði kirkjunnar, en leggur fæð á og vill ekki skilja þær kenningar, er færa sannleikann að einnig úr öðrum áttum og hafa *mannlíf* fyrir mark sitt og mið; og er þetta eitt merkið um hinn undarlega andlega svefn, er gagntekið hefur þjóðlíf vort.⁶⁰

Um þrýsting í þessa veru af safnaðanna hálfu sagði hann enn fremur í predikun sem ætluð var 24. sd. e. þrenningarhátíð (1886):

Yfir höfuð er búizt við, að allir kennimenn skuli hugsa eins, tala eins, skuli vera bergmál hvers annars; guðs ríki sé fullþekktur og fullskoðaður hlutur fyrir löngu; [...] Skilja menn ekki, að þetta er að hneppa menn í andlegt fangelsi; þetta styggir andann og svæfir söfnuðina. Þetta er að ítreka villur katólsku kirkjunnar, og stríðir þvert á móti anda siðbótarinnar og anda Lúters.⁶¹

Ummælin um „anda Lúters“ koma heim og saman við áberandi þátt í guðfræðilegri sjálfsmynd Páls Sigurðssonar en hann leit sjálfur svo á að hann kenndi í þeim sama anda, meðal annars þegar hann gagnrýndi boðunarhátt kirkjunnar. Viða vék hann einnig gagnrýnum orðum að þeim sem aðhylltust sjónarmið andstæð Lúther, ekki síst rómversk-kaþólsku kirkjunni.⁶² Gagnrýni hans á „dogmatíska“ boðunar- og fræðsluhefð beindist þó líka augljóslega gegn Helga Hálfánarsyni (1826–1894) prestaskólakennara og fermingarkveri hans (Helgakveri) sem var drottnandi í uppfræðslunni frá því að það kom út 1877 en alls kom það í 12 prentunum til 1924.⁶³ Verður síðar gerð grein fyrir hörðustu atlögu Páls að Helgakveri en hún beindist gegn kenningunni um „eilífa glötun“.

Sjálfur leit Páll ekki svo á að skyldur hans sem lúthersks kennimanns fælust í að innræta söfnuðum sínum fastmótaðar „dogmur“, eins og fram kom í predikun á 10. sd. e. þrenningarhátíð (1886):

Eg veit að sönnu, að eg er í þjónustu kirkjunnar, en fyr gekk eg í þjónustu sannleikans, enda skilst mér, að sjálfri kirkjunni verði bezt þjónað með því að votta sannleikann. Þar duga engir jábræður, fremur en annars staðar. Hún getur ekki heimtað og á ekki að heimta, að menn trúu í blindni, og prédiki í blindni.⁶⁴

Þá taldi hann mikilvægt að presturinn fylgdi eigin sannfæringu í boðuninni eins og fram kom í lokapredikun bókarinnar (24. sd. e. þrenningarhátíð 1886):

Af þessari skoðun verður að leiða skyldu hvers góðs kennimanns. Hann verður að hafa séð sjálfur þá hluti, sem hann öðrum boðar, hann verður að trúa sjálfur. Hann getur ekki boðað guðs ríki, eins og það kann að birtast einhverjum öðrum, heldur hlýtur hann, sem samvirkusamur maður, að boða það, eins og það birtist sjálfum honum. Hann á hvorki né má boða það öðru vísi, svo sannarlega sem hann á að tala af sannfæringu.⁶⁵

Hér talaði prestur sem var sannfærður um að persónuleg fullvissa einstaklingsins ætti að veða þyngra en hefðbundin, viðtekin og skilgreind kirkjukenning. Þá áleit

⁶⁰ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 255, sjá og 304

⁶¹ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 304.

⁶² Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 20–21, 202–203, 222, 223–224, 304. Sjá og Einn af lærisveinum ríkiskirkjunnar, „Enn um Bj. Björnson“, *Þjóðólfr* 3. mars 1883, bls. 29.

⁶³ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 58–59, sjá og 121, 176. Einar Sigurbjörnsson, „Inngangur“, *Helgakver*, inngang ritaði Einar Sigurbjörnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000, bls. 9–63, hér 9.

⁶⁴ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 229, sjá og 20–21, 202–203, 222, 223–224, 304.

⁶⁵ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 304.

Páll að prestar ættu að búa við það boðunarfrelsi að tryggt væri að predikun þeirra væri byggð á eigin sannfæringu.

Þessu náskýlt var þung áhersla Páls á að varast bæri bókstaflega túlkun á Ritningunni og trúarlærdómum kirkjunnar heldur bæri að keppa eftir andlegri útlekkingu á inntaki trúarinnar og leita að þeim rauða þræði sem finna mætti í þessum meginheimildum kirkjulegrar kenningar. Þessi túlkunaraðferð hans minnir nokkuð á þá aðferð sem Lúther vildi láta skera úr um hvað væri hluti af hinum postullega arfi og hvað ekki og oft er lýst með orðunum „was Christum treibt“.⁶⁶ Þessi afstaða hans kom meðal annars fram 1883 í svari hans við gagnrýni Jóns Bjarnasonar, þá prests á Seyðisfirði (Dvergasteini) en lengst af í Vesturheimi, á kristindómstúlkun norska skáldsins Björnsterne Björnson (1832–1910) en Jón leit á skáldið sem fjandmann kristindómsins.⁶⁷ Í svari Páls kom fram að kristindómurinn væri „[...] *ekki fólgin* í *bókstafnum*, heldr sé hann andi og líf, fólgin í glæðingu mannsins beztu krafta, mannelsku, frelsi og skynsemi, [...]“.⁶⁸ Í jólapredikun sinni (1885) kenndi Páll einnig að kristindómurinn væri gefinn „[...] oss til að sigra fyrir hans kraft blind náttúruöfl bæði fyrir utan oss og innra með oss [...]“. Því væri hann „[...] eigi að eins kenning, heldur um fram allt *andi og líf*“.⁶⁹ Túlkun Páls Sigurðssonar á kristindómnum fólst því í að hann væri ekki safn kenninga eða játninga heldur væri hann virkt afl í lífi fólks sem leiddi til breytinga í þessum heimi.

Í sambandi við fyrrgreindan túlkunarlykil Páls má benda á að í predikun á 3. sd. í aðventu (1886) fjallaði hann um efnið „Innblástur ritningarinnar af guði“.⁷⁰ Þá hafnaði hann bókstafsinnblæstri Biblíunnar en taldi hana innblásna „[...]“ eftir andanum og að höfuðefninu „[...]“.⁷¹ Því ættu foreldrar að brýna fyrir börnum sínum að lesa hana með athygli en hvetja þau jafnframt til að túlka hana út frá sínum eigin forsendum með eftirfarandi leiðbeiningum:

[...] þú skalt, eftir ráði bókarinnar sjálfrar, ekki trúa í blindni, heldur — „reyna og prófa alla hluti“. Þú skalt nota skynsemi þína og og samvizku sem bezt má verða, og alls ekki gjöra þér í grun, að bókin sé ætluð til að drottna með ofurvaldi yfir sál þinni og samvizku. Þú skalt ekki breyta eftir öðru en því, sem er eftirbreytnisvert, og ekki trúa öðru en því sem er skynsamlegt. Sál sjálfs þín, skaltu vita, er meira verð, heldur en bók þessi; því ekki er sálin sköpuð vegna ritningarinnar, heldur er ritningin til orðin vegna mannlegrar sálar.⁷²

Loks er það mikilvægt atriði til að leggja mat á guðfræðilega sjálfsákvörðun Páls Sigurðssonar að kanna hvernig hann leit á frumuppsprettur trúarlegrar þekkingar. Í upphafspredikun postillunnar frá 1. sd. í aðventu 1884 lýsti hann grunnviðmiðum trúarinnar svo:

⁶⁶ „Martin Luther: Was Christum treibt, ist apostolisch“, *kraftwort.wordpress.co*, 14. mars 2015, sótt 27. apríl 2017 af <https://kraftwort.wordpress.com/2015/03/14/martin-luther-was-christum-treibt-ist-apostolisch/>.

⁶⁷ Einn af lærisveinum ríkiskirkjunnar, „Enn um Bj. Björnson“, bls. 29. Geta má þess að P.S. og Jón Bjarnason voru giftir frænkum og hét ein dóttir P.S. í höfuðið á konu Jóns.

⁶⁸ P.S. áleit einnig að ekki ætti að skerða frelsi manna til að rannsaka kenningar kirkjunnar þar sem kirkjan og kristindómurinn væri ekki eitt og hið sama. Því væri skadlegt að blanda saman kirkjutru og kristindómi. Einn af lærisveinum ríkiskirkjunnar, „Enn um Bj. Björnson“, bls. 29.

⁶⁹ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 26.

⁷⁰ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 10.

⁷¹ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 12.

⁷² Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 12, sjá og 63, 67.

Hugsi menn vel eftir því, að af allri trú er sú mest áriðandi, að *trúa á sigur hins góða*, trúa á sigur sannleikans yfir villunni, frelsisins yfir ófrelsinu; því að sá einn, sem þessa trú hefir, verður sagður *að trúa á guð*. Eg víti menn ekki fyrir, þótt þeir efist um það og það og jafnvel vefengi það og það í sumum þeim fræðum, er kölluð eru kristindómur, því satt að segja, *er ekki takandi trúanlegt* annað en það, sem er skynsamlegt; [...].⁷³

Samviska mannsins og skynsemi voru þær viðmiðanir sem Páll byggði alla trúarlega þekkingarfræði sína á.⁷⁴ Fleiri atriði komu þó til álita í því sambandi. Í lokapredikun postillunnar (24. sd. e. þrenningarhátíð 1886) fjallaði Páll um „ó dauðleika sálarinnar“ en hann leit svo á að þar væri um eina af mikilvægustu kenningum kirkjunnar að ræða.⁷⁵ Í því sambandi ræddi hann um þrjár leiðir til þekkingar í tímanlegum og andlegum efnum: skynjun, hugleiðingu eða umhugsun og „innri sjón“ eða innsæi. Þar við bættist svo fjórða þekkingarleiðin sem var vissulega óbein og byggðist á vitnisburði annarra.⁷⁶ Um fyrrnefndu leiðirnar þrjár sagði hann:

Þannig höfum vér til að bera þetta þrennt: ytri sjón og innri sjón, og svo hugleiðingargáfuna, sem eins og stendur þar á milli og tekur við þekkingarefninu, eykur það og margfaldar á ýmsan hátt fyrir kraft hugsunarinnar. Mannleg skynsemi og samvizka eru svo mikilhæfar gáfur, að þær þurfa ekki að láta segja sér alla hluti, heldur geta þær af eigin rammleik vitað mjög margt.⁷⁷

Meðal annars leit hann svo á að kenningin um ódauðleikann væri þess eðlis að hvert mansbarn gæti komist að raun um hana með hjálp innsæis síns og umhugsunar og sama máli gildi um ýmis önnur trúarleg sannindi.⁷⁸ Hann áleit trúna því ekki blindingsleik af neinu tagi heldur „[...] sjón andlegra hluta, andlegra sanninda [...]“ sem bæri að láta reyna á.⁷⁹ Um þetta sagði hann:

Fyrir því segi eg: *trúin er innri sjón*, hún er persónuleg sannfæring; en hitt verður aldrei heimtað, að skoðanir manna séu alveg eins í öllum einstökum atriðum. Vér sjáum allir, og jafnvel postularnir sjálfir, „eins og gegn um gler og í ráðgátu“; þetta eru eigin orð eins af postulunum.⁸⁰

Páll leit einnig svo á að ódauðleikakenningin og ýmis önnur grundvallarsannindi kristinnar hefðu verið þekkt þegar fyrir komu Kristis í heiminn en þá frekar þegar einstakir spekingar, eins og til dæmis Sókrates, áttu í hlut fremur en allur fjöldinn. Hann áleit aftur á móti að með kristindóminum hefðu þessi grundvallarsannindi orðið að algildu fagnaðarerindi.⁸¹ Um það atriði sagði hann:

Nægi þér ekki ritningin, þá er kenninguna um ódauðleika sálarinnar annarstaðar að finna það eru til aðrar ritningar. Guð hefur sagt fleira en það, sem stendur í bifliunni. Guð er víðar en á einum stað; því hann er alstaðar nálægur. Hans vísdómur, hans orð, hans andi, hans kærleikur upp fyllir allt, bæði himin og jörð, bæði fornöld og núlegan tíma, bæði heiðindóm og kristni. Því að eins og sólin lýsir deginum, eins hefur líka nóttin sín ljós. Að vísu sér þú ekki til að vinna við þau þín dagleg störf, en eitt verk er þó til, sem allt af má vinna við þau, og það er að upplyfta sínum anda til guðs.⁸²

Hjá Páli gætti líka trúarlegrar þróunarkenningar sem víða kom fram um þessar mundir en hann taldi að trúarbrögð heiðingja, svo sem fornbjóðanna, hefðu í sér

⁷³ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 8.

⁷⁴ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 137, 171. Auk skynseminnar og samviskunnar nefndi P.S. sannleikann, náttúruna, lífið og forsjónina sem veigamiklar viðmiðanir í þessu efni. Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 169, 177.

⁷⁵ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 300, 303.

⁷⁶ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 302.

⁷⁷ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 301.

⁷⁸ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 303.

⁷⁹ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 303, 304.

⁸⁰ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 304–305.

⁸¹ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 305–306, sjá og 312.

⁸² Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 312, sjá og 176.

fólgið „*frækorn af sannleika*“. Því væru þau nokkurs konar „undirbúningstrúarbrögð“. ⁸³ Í jólapredikun sinni (1885) líkti Páll heiðnum trúarbrögðum enda við „barnalærdóm“ sem faðir veitti syni sínum er hann leiddi út í „guðs glöðu náttúru“ og sýndi honum dýrð himins og jarðar. ⁸⁴ Opinberuninni í Kristi líkti hann á hinn bóginn við fræðsluna sem faðirinn veitir syninum er hann nálgast fullorðinsaldur og tilsögnin getur orðið „[...] miklu fullkomnari, fjölbreyttari og áhrifameiri en áður“ ⁸⁵ þar sem skilningurinn væri þá orðinn fullkomnari.

Kirkjugagnrýni — kirkjuskilningur

Páll Sigurðsson áleit sér ekki aðeins skylt að gagnrýna boðunaraðferð kirkjunnar heldur deildi hann einnig á ýmsa aðra þætti í skipulagi hennar og starfsháttum. Varpar það ljósi á hvernig hann skildi hlutverk kirkjunnar og þar með sjálfs sín sem kennimanns. Í svari sínu við skrifum Jóns Bjarnasonar í Vesturheimi lét hann að því liggja að þarfara hefði verið að Jón hefði frekar rýnt í stöðu kirkjumála í landinu sem hann taldi einkennast af mikilli stöðnun:

Kirkjan hjá oss mun standa á þeim fótum, er settir voru undir hana á miðöldunum; enda eldist hún nú óðum og fyrnist þrátt fyrir óbifanlega trú manna á hvern bókstaf, sem hún boðar. Lögin um sóknarnefndir reynast, [...] gagnslítar bætur á gamalt fat. Þau geta ómögulega haft neina verulega þýðing, enda tekst þeim ekki að draga að sér athygli almennings. Páfadómurinn hjá oss er svo rammr og ríkr, að meira þarf en að skvetta vatni á þá gas. Þrátt fyrir öll lærdómskver og alla dogmatík sækir kirkjan svo fast niðr á bóginn og fullnægir svo lítt andlegum þörfum safnaðanna, að sumir finna virkilega hugsvölun í því að gjörast — mormónar! ⁸⁶

Öfugt við ýmsa kirkjugagnrýnendur taldi Páll frumkirkjuna vissulega ekki hafa verið fullkomna. ⁸⁷ Um styrkleika hennar fjallaði hann þó í predikun 1. sd. í aðventu (1884) og taldi þá hafa falist í eftirfarandi atriðum sem væru eftirbreytni verð á hverri tíð:

Í fyrsta lagi: þar var enginn biskup eða kirkjuvaldsmaður, sá er einn réði lögum og lofum í söfnuðunum, heldur önnuðust söfnuðirnir sjálfir öll eigin málefni, þannig að þeir kusu menn af sínum flokki til að veita þeim forstöðu. Í öðru lagi: þar var ekkert lögbundið form guðspjónustunnar, heldur höguðu menn guðspjónustunni [...] eftir því, sem þörfin og tilfinningin bauð í það skifti, og eftir því, sem andinn blés þeim í brjóst, [...] Í þriðja lagi: í hinni upprunalegu kirkju var engin kennimannleg stétt, [...] heldur frömdu söfnuðirnir sjálfir alla guðspjónustu, þannig, að allir þeir tóku til máls á safnaðarsamkomum, er fundu hjá sér þörf eða köllun til þess, [...]. ⁸⁸

Helsta veikleika kirkjunnar á líðandi stundu skýrði Páll með of sterkum tenglum hennar við ríkið eða landsstjórnina. Um það sagði hann að kirkjan hjá oss hvíldi við ríkjandi aðstæður á „kennimannlegri stétt“ en ekki á „andlegu lífi safnaðanna“, hún mótaðist fyrst og fremst „[...] af ráðstöfun stjórnarinnar, en ekki á frjálsum athöfn-um þegnanna.“ ⁸⁹ Þetta áleit hann kæfa niður áhuga meðal safnaðanna. Þá taldi hann

⁸³ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 24, sjá og 222. Þess má geta að Jónas Jónasson (1856–1918) frá Hrafnagili, sem vigðist 1883 og stóð á mun hefðbundnari grunni en P.S. guðfræðilega séð, adhylltist svipaðan skilning á trúarlegri þróunarhyggju. Hjalti Hugason, „Guðfræðingurinn og presturinn Jónas Jónasson frá Hrafnagili“, *Sú þrá að þekkja og nema: Greinar um og eftir séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili*, [Reykjavík]: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2007, bls. 50–65, hér 58–64.

⁸⁴ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 25.

⁸⁵ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 25–26.

⁸⁶ Einn af lærisveinum ríkiskirkjunnar, „Enn um Bj. Björnson“, bls. 29.

⁸⁷ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 3.

⁸⁸ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 4, sjá og 92, 100–101.

⁸⁹ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 6.

það galla að „[...] allur andi [væri] stirðnaður við form og siðvenjur, sem guðs-þjónustan [væri] reirð niður við.“⁹⁰

Tilvitnanirnar hér frammar sýna að Páll skrifaði kirkjugagnrýni sína beint inn í ríkjandi aðstæður en 1880 voru fyrstu lögin um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda samþykkt.⁹¹ Var safnaðarfólki þar með veitt nokkur aðkoma að eigin málefnum. Var þetta eitt fyrsta skrefið sem stigið var í átt til þjóðkirkju í anda stjórnarskrárinnar frá 1874. Hér þótti Páli þó alls ekki nægilega langt gengið en hann var þeirrar skoðunar að rjúfa ætti tengsl ríkis og kirkju sem mest og fela söfnuðunum að öllu leyti málefni sín.⁹² Skýringarnar á þessari róttæku kröfu um stóraukinn sjálfsákvörðunarrétt söfnuðunum til handa geta verið margháttadar. Lúther og aðrir siðbótarmenn litu á söfnuðina sem grunneiningar kristinnar kirkju sem hafa ættu sem mest að segja um ytri málefni sín, meðal annars að kalla sér presta. Eins og fram er komið var Páll sannfærður um að hann byggði kenningu sína og kirkjuskilning á hugmyndum Lúthers. Vel getur því verið að hér hafi verið um siðbótaráhrif að ræða. Þess skal getið að á þessum tíma, þegar verið var að færa aukið ákvörðunarvald til safnaðanna og raunar leggja grunn að þeim sem félagslegum einingum með sameiginleg réttindi og skyldur, vildu ýmsir ganga sem lengst í þessa átt. Þess má til að mynda geta að 1901 kom fram frumvarp á Alþingi þess efnis að við prestaskipti skyldu söfnuðir greiða atkvæði um hvort þeir héldu áfram að vera þjóðkirkjusöfnuðir eða breyttust í „óháð sjálfstjórnarkirkjufélög“. Skyldi breytingin ná fram að ganga ef 2/3 safnaðarmanna samþykktu hana. Þegar 2/3 landsmanna væru orðnir félagar í slíkum óháðum söfnuðum skyldu prestaköllin sem enn mynduðu þjóðkirkju verða að óháðum söfnuðum.⁹³ Frumvarpið náði þó ekki fram að ganga. Páll var í þessu efni því í takt við hugmyndir sem teknar voru að gera vart við sig þótt hann væri látinn löngu áður en frumvarpið kom fram. Þess ber þó að geta að meðal erlendra áhrifavalda þeirra féлага, Páls og Matthíasar Jochumssonar, var að finna guðfræðinga úr röðum kongregasjónalista. Kann þess að hafa gætt í þessum kirkjupólítísku sjónarmiðum Páls.

Páll taldi að afdrifarík hvörf hefðu orðið er kirkjan tengdist ríkisvaldinu á fjórðu öld.⁹⁴ Við það leit hann svo á að hún hefði horfið líkt og sólargesli sem barn vildi grípa en hyrfi þá þannig að eftir sæti skuggi einn.⁹⁵

Í stöku páskaræðunni frá 1885 skýrði hann svo veika stöðu hinnar nýstofnuðu íslensku þjóðkirkju með því að hún hefði ekki brugðist við samtímanum og vantroysti söfnuðum sínum og andlegu þroskastigi þeirra:

Að því er vora kyrkju snertir sérstaklega, þá hefir hún óneitanlega nú um hríð gegnum gengið tímabil andlegs dæða og rænuleysis, hefir bundið kenningarnar, eins og aðrar athafnir sínar, niður við fastar, óbifanlegar venjur og þannig að miklu leyti vanið börn sín af því að hugsa um sín trúarefni. Og ef eg skal vera berorður, þá vil eg segja, að kyrkjan heldur kenningunni um eilífa fyrirdæmingu, af því hún *dúrfist ekki* að koma fram með neinar *tilbreytingar*; sem aftur kemur til af því, að hún óttast fáfræði

⁹⁰ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 6.

⁹¹ Lög um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda nr. 5. 27. febr. 1880, *Stjórnartíðindi fyrir Ísland* 1880, bls. 28–31. Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin 1845–1943*, Reykjavík: Alþingissögunefnd, 1952, bls. 25–26.

⁹² „Kaflar úr brjefum [svo] frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [2]“, bls. 30–31. „Kaflar úr brjefum frá síra Páli Sigurðssyni í Gaulverjabæ til Þorsteins Jónssonar læknis í Vestmannaeyjum [4]“, bls. 48. „Brjef frá sunnlenskum presti“, d. 339.

⁹³ Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 29.

⁹⁴ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 133, 134–135.

⁹⁵ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 136–137.

og þrældómsanda sinna eigin safnaða. Hún hugsar sér mennina svoleiðis á sig komna til sálarinnar, að fái þeir ekki sinn ákveðna skamt af trúarlærdómum, fái þeir ekki sínar gömlu kenningar úti látnar með tölu, þá muni þeim síður en ekki vel líka.⁹⁶

Páll varaði annars við of harðri gagnrýni á kirkjuna sem hann taldi gera margt gott þrátt fyrir þá veikleika sem hún ætti vissulega við að glíma. Í því efni nefndi hann að hún veitti áminningu, hressingu, tilsögn, uppörvun og hugsvölun.⁹⁷ Vissulega áleit hann gagnsemi kirkjunnar þó fremur felast í að hún afstýrði mörgu illu en að hún „[...] láti margt verulega gott framgengt verða“!⁹⁸ Mikillar bjartsýni gætti þó í gagnrýni Páls en hann var þess fullviss að gullöld kirkjunnar væri ekki liðin eins og mörgum kirkjugagnrýnanda hefur hætt til heldur væri hún „[...] öll fyrir framan oss.“⁹⁹

Páll Sigurðsson lét ekki staðar numið við gagnrýni á kirkjuna. Hann setti einnig fram mótaðan kirkjuskilning. Í predikun á nýárdegi kirkjunnar, fyrsta sd. í adventu (1884), skilgreindi hann kirkjuna sem söfnuð, þ.e. „[...] félag þeirra, sem aðhyllast Krist.“¹⁰⁰ Í þessu efni byggði hann augljóslega á lútherskri hefð og vildi eins og fram er komið að þessi kirkjuskilningur endurspegladist í kirkjuskipaninni. Í predikun hans á skírdag (1882) koma aðrar hliðar á kirkjuskilningi hans glöggt í ljós:

Kirkjan er samsafn af athöfnum, áhrifum og verkum, er miða til framfara skynsemi gæddum og frjálsum verum. Hún á ekki skylt við töfraverkanir ósannra trúarbragða, heldur er þvert á móti verkun hennar öll auðskiljanleg og aðgengileg fyrir hvern mann. Þannig er kirkjan fullkomunar-medal í hendi drottins vors, og meginkraftur hennar er fölginn í íbúð anda hans.¹⁰¹

Skömmu síðar í sömu predikun sagði hann einnig:

Þekking og siðgæði eru kirkjunnar háa mark og mið, og þau höfuðvelferðarmál mannkynsins, sem hún að sér tekur, eru í stuttu máli að segja: mannvit og manndyggð. Nú er svo mál vaxið, að þessir hlutir tveir eru svo andlegir sem framast má verða. Engin auðlegð né ríki né yfirlæti getur framleitt þá, heldur eru þeir komnir undir *frjálsræðisbaráttu hvers einstaks manns*.¹⁰²

Í huga Páls skipti miklu að kirkjan væri flaggskip í frjálsræðis- og framfarabaráttu bæði einstaklinganna og þjóðarinnar í heild eins og frekar verður vikið að í síðari greininni um þetta efni.

Kenningarrýni

Gagnrýni á einstaka hefðbundna trúarlærdóma kirkjunnar er ekki áberandi þáttur í *Helgidaga-predikunum* Páls Sigurðssonar. Afstaða hans til þeirra kom fremur fram í því að hann sniðgekk slíkar kennisetningar eða gaf þeim nýtt og útvíkkað inntak. Það atriði í kenningu kirkjunnar sem Páll gagnrýndi einna helst var kenningin um „útskúfunina“. Skoðun hans í því efni kom fram í stöku páskaræðunni frá 1885. Annars leit hann svo á að í útskúfunarkenningunni væri að finna sjálfa uppistöðuna í boðun íslensku þjóðkirkjunnar sem jafnframt ylli miklu um þá deyfð og áhugaleysi sem hún bjó við um þetta leyti.¹⁰³ Sem kunnugt er var það einmitt þessi kenning

⁹⁶ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 11–12. Um gagnrýni P.S. á kenninguna um „eilífa fyrirdæmingu“, sjá síðar.

⁹⁷ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-predikanir*, bls. 5.

⁹⁸ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-predikanir*, bls. 5.

⁹⁹ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-predikanir*, bls. 8.

¹⁰⁰ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-predikanir*, bls. 2.

¹⁰¹ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-predikanir*, bls. 134–135.

¹⁰² Páll Sigurðsson, *Helgidaga-predikanir*, bls. 137–138.

¹⁰³ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 11–12.

sem Matthías Jochumsson, vinur Páls, nefndi „lærdóminn ljóta“.¹⁰⁴ Þessi ræða þótti allnýstárleg og hefur líklega valdið miklu um viðbrögðin við postillunni sem kom út nokkrum árum síðar en brögð virðast að því að postillan væri dæmd í ljósi stöku ræðunnar.¹⁰⁵

Eins og fram er komið taldi Páll að honum bæri ekki fyrst og fremst að boða kenningu sem væri viðtekin frá fornu fari heldur væri hann „[...] sendur til að boða Krist og hans anda eftir beztu þekking og samvizku.“¹⁰⁶ Í stöku páskaræðunni dró hann praktískar ályktanir af þessu er hann skaut föstum skotum á „útskúfunar-kenninguna“ sem hann lýsti svo:

Það er kunnugt, að bæði í vorri kyrkju og öðrum kyrkjufélögum endar trúarkenning barnalærdómsins á því, — eftir allt, sem búið er í þeim bókum áður að kenna um óendanlega föðurelsku guðs, þá, endar, segi eg, trúarfræðin á því, að mannkynið skuli þó að lokum og það þegar á dauðastundinni klofna í tvær deildir, hvar af önnur stefnir upp til ljóssins og lífsins og sælunnar, en hin niður til myrkurs og dauða, svívirðingar og glötunar, og eins og á fyrri staðnum mun verða eilíft sælulíf, svo skuli á síðari staðnum verða „æfinlegt kvalalíf í sambúð við illa anda, endalaus angist og örvænting án allrar vonar um frelsun“. Þér eruð, kristnir menn, vitni til, að þetta er orðrétt kenning kyrkjunnar.¹⁰⁷

Hér tók Páll upp næstsíðustu greinina (nr. 169) í fyrri hluta Helgakvers sem hafði að geyma þann trúarlærdóm sem kirkjan krafðist af fermingarbörnum á þessum tíma.¹⁰⁸ Það á því við gild rök að styðjast er Páll gagnrýndi þá stöðu sem þetta atriði hafði fengið í uppfræðslu kirkjunnar.

Páll vildi að þessi kenning væri dæmd eftir þeim viðmiðunum sem hann taldi mestu skipta í trúarefnum á öðrum sviðum:

Það eru til trúarlærdómar svo sannir og fullkomnir, að þeir mæla með sér sjálfir við hvers manns samvizku og þá geymum vér, lof sé guði, ávaxtarsama í hjörtum vorum. Aftur eru til aðrar kenningar, sem ekki komast lengra en á pappírinn, þar eð þær eru svo lagaðar, að þær geta hvorki fengið rúm í hjörtum manna til huggunar eða fræðslu, né heldur sýnt sig ávaxtarsamar í lífinu.¹⁰⁹

Skipaði hann kenningunni um „eilífa útskúfun“ í síðari flokkinn og leit á hana sem frumstæðan arf úr gyðingdómi.¹¹⁰ Taldi hann kenninguna brjóta bæði í bága við guðsmynd kristinnar og mannskilning, þar sem kennt væri að Guð væri alvaldur, alvitur og kærleiksríkur og að maðurinn væri skapaður í Guðs mynd.¹¹¹ Áleit hann eilífa útskúfun ósamrýmanlega þessum háleitu hugmyndum.

Páll viðurkenndi að vissulega væri boðskapurinn um eilífa útskúfun byggður á hefðbundinni túlkun á nokkrum alþekktum ritningarstöðum. Þar á meðal væru ummæli Krists þess efnis að þeir sem gott hefðu gjört myndu rísa upp til lífs en hinir sem illt hefðu aðhafst til dóms.¹¹² Þetta útskýrði hann þó fyrir sitt leyti svo að

¹⁰⁴ Matthías Jochumsson, „Síra Havsteinn og síra Magnús Skaptason“, *Norðurljósið* 31. ágúst 1891, bls. 61–62, hér 62. Jón Bjarnason í Vesturheimi talaði hins vegar um „fordæmingarlærdóminn kristilega“. „Nýja postillan íslenska“, *Sameiningin* 7/1895, bls. 98–102, hér 101.

¹⁰⁵ Sjá væntanlega grein sbr. nmgr. 7.

¹⁰⁶ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 7.

¹⁰⁷ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 3.

¹⁰⁸ Helgi Hálfðánarson, *Helgakver*, inngang ritaði Einar Sigurbjörnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000, bls. 150, sjá og 112.

¹⁰⁹ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 3–4.

¹¹⁰ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 9–10.

¹¹¹ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 4–6.

¹¹² Jóh 5.29.

þeir sem gott hefðu gert hefðu „[...] öðlzt hið sanna líf, þegar hér í heimi, [...]“.¹¹³ Hinir sem breytt hefðu ranglega myndu vissulega „[...] hreppa „upprisu dómsins“ [...]“ við dauða sinn en augu þeirra jafnframt opnast fyrir villu þeirra og þeir upphefjast „[...] á æðra lífsstig og til fullkomnari þekkingar, [...]“ líkt og æskumaður sem kemst til fullorðinsára og sér lífið þar með í nýju ljósi.¹¹⁴

[...] þá má segja í vissum skilningi, að hann vakni upp til dóms; því við það að hefjast á hærra aldursstig og til *fullkomnari þekkingar*, þá fer hann að sjá, að hann hefir áður haft rangar skoðanir á hlutunum, [...]. Við það að sjá sannleikann í bjartara ljósi en áður, fær hann tækifæri til að dæma sig sjálfan og laga sig eftir því. Slíkt að sínu leyti mun verða í upprisunni. [...] Hafði hugfast, að sá dómur, sem boðaður er í guðs orði, verður sjálfsdómur. Það verður ekki utan að komandi dómur, eins og þegar maður dæmir mann, heldur innan að komandi dómur; menn munu dæma sig sjálfa, og þar með einmitt fá tækifæri til að leiðrétta sjálfa sig. [...] Það verður engin útskúfun né endalaus fyrirdæming, það verður sjálfsdómur, byggður á betri sannleiksþekkingu, og þótt hann einnig geti orðið fullkomlega þungbær, þá er guðs kærleikur pantur fyrir því, að hann muni leiða til nýrra og eiginlegra framfara.¹¹⁵

Hér verður fyrir túlkun sem kalla má „súbjektífan“ dómsskilning og kemur vel heim og saman við þann endurlausnarskilning sem fram kom hjá Páli. Hvort tveggja brýtur mjög í bága við þá „objektífu“ og „fórensísku“ túlkun sem víða ræður ríkjum í hefðbundinni guðfræði þar sem gert er ráð fyrir dómi frammi fyrir Guði.¹¹⁶ Hér er Páll sjálfum sér fullkomlega samkvæmur miðað við þann skilning á að endurlausnin væri „frjálsræðisverk“ mannsins þegar öllu væri á botninn hvöft (sjá síðari grein).

Páll benti á að líkt og fáeinir ritningarstaðir gætu bent til eilífrar útskúfunar, væru þeir teknir bókstaflega, væri fjölda annarra staða að finna, einkum í bréfum Páls postula, sem boðuðu „[...] almenna viðreisn mannkyns [...]“ og að „[...] allar skynsemigæddar verur [...] eigi fyrr eða síðar að komast til drottins og frelsara síns.“¹¹⁷ Auk þess kvað hann efasemdir vaknaðar um gildi bókstaflegrar túlkunar á einstökum ritningarstöðum og að meiru væri talið skipta að boða í samræmi við það sem „[...] hver andi og stefna ritningarinnar er yfir höfuð [...]“.¹¹⁸ Þannig taldi hann að leita bæri höfuðkenninga Biblíunnar og að ein slík væri kenningin um „[...] elsku guðs og kærleiksboðorð mannanna.“¹¹⁹

¹¹³ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 15.

¹¹⁴ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 15.

¹¹⁵ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 15–16.

¹¹⁶ Sjá t.d. Helgi Hálfánarson, *Helgakver*, bls. 146–151. Sjá í þessu sambandi Gustaf Aulén, *Christus Victor: An Historical Study of the Three Main Types of the Idea of the Atonement*, London: SPCK, 1970.

¹¹⁷ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 8–9, 13–15. Páskapredikunin vakti athygli í bæði skiptin sem hún var gefin út. Árið 1903 gaf Lárus Jóhannsson (1855–1950) trúboði svo út tæplega 50 blaðsíðna kver gegn henni þar sem hann leitadist við að sýna fram á að P.S. hefði í raun aðhyllt „[...] blátt áfram skynsemistrú eða alheimstrú (Universalism) [...]“ er Lárus taldi mjög skadlega og hafa „[...] svæfandi áhrif [...]“ á hugarfar manna“. Lárus Jóhannsson, *Gagnrýning á páskaræðu síra Páls sál. Sigurðssonar eða Alheimstrúin vegin á skálum og léttvæg fundin*, Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1903, bls. 3, 9. Síðan leitadist Lárus við að sýna lið fyrir lið hvernig boðskapur P.S. bryti í bága við orð Ritningarinnar. Í tilefni af síðari útgáfu ræðunnar var brugðist við í *Eimreiðinni*, einkum um upprisukenninguna og þá í anda nýrrar heimsmýndar: „Eða hver mundi nú treysta sér til að neita upprisu holdsins með öllu? Öll vísindaleg reynsla styður þá kenningu, að ekkert líf verði til án einhverskonar sameiningar efnis og anda. Og því skyldi ekki það lögmál lífsins gilda út yfir gróf og dauða, þó að orthodoxían gamla um upprisu holdsins úr gröfunum á dómsdegi sé úr sögunni? Vér skulum ekki gleyma, að í insta eðli sínu er efnid orka og hreyfing, að dómi eðlisfræðinganna.“ Þar sagði einnig: „Páskaræða séra Páls gefur góða mynd af viðhorfi gáfaðs og víðsyns íslenzks kennimanns, í lok nitjándu aldar til einhverra mestu vandamálanna í kristilegri dogmatík á öllum öldum, [...]“ Sv. S., „Ritsjá“, *Eimreiðin* 2/1939, bls. 229–240, hér 233.

¹¹⁸ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 7–8.

¹¹⁹ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 8.

Þrátt fyrir gagnrýna afstöðu sína til útskúfunar og glötunar afneitaði Páll ekki syndinni. Um veruleika hennar sagði hann:

Vér viðurkennum náttúrlega, að syndin þjáir allt mannkyn sem þungt og alvarlegt böf, sem skaðvænn farartálmi á framfaraleið mannsins. En huggunin er aftur sú, að þetta sé ekki óviðráðanlegt böf né óbætanlegt, heldur muni það, eins og hvað annað stundlegt, um síðir enda taka.¹²⁰

Grunnafstaða Páls til framtíðarmöguleika mannsins var því jákvæð. Hann leit svo á að maðurinn hæfi vegferð sína „[...] á óvitaskap og bernsku [...]“ en ætti „[...] að erviða sig áfram smám saman til meiri fullkomnunar [...]“ og hefja sig með hjálp Guðs „[...] af lægra stigi á æðra stig [...]“.¹²¹

Í stað „útskúfunarkenningarinnar“ boðaði Páll eftirfarandi fagnaðareindi:

Mundu eftir því um fram allt, hvern föður þú átt á himnum, frá honum getur þú ekki sloppið að eilífu. Þú ert svo nátengdur honum sem skepna hans og barn hans, að hann *getur ekki* útskúfað þér fremur en afneitað sjálfum sér. Ef þú þess vegna syndgar og heldur áfram í því, þá skaltu vita, að hann *hlýtur* að finna ráð til að hafa þig ofan af því. Með syndinni muntu það eitt á vinna, að seinka og tefja mjög fyrir velferðarmálum sjálfs þín; því að hann elskar þig svo heitt, að hann, ef á liggur, mun engan aga spara, enga umvöndun né refsingu mun hann spara, til að leiðrétta þig. Og það skaltu vita, að einhvern tíma, fyrr eða síðar, í þessu lífi eða í öðru lífi, hlýtur þú að koma til hans; og þó að niðurlæging þín af syndinni verði langvinn og djúp, þótt þú, eins og hinn glataði son í dæmisögunni, sökkriv svo djúpt, að þú etir draf með svinum, þá *skal* það augnablik einhvern tíma koma yfir þig, að þú segir við sjálfan þig, líkt og hinn glataði son: „Eg vil taka mig upp og fara til föður míns [...] — Eg vil, sem sagt, bera undir yður, [...], hvort því lík ræða við syndugan mann mundi ekki vera bæði hin sannasta og hin kröftugasta; því það skilja allir, að eg hef í þessari ræðu ekki mótmælt hegning syndanna bæði þessa heims og annars, heldur að eins því, að hegning syndanna sé óendanleg.“¹²²

Áhorfsmál er hvort þessi þunga áhersla Páls á að hegningin fyrir syndirnar sé aðeins stundleg og að allir nái náðarfaðmi Guðs að lokum samræmist að öllu leyti áherslu hans á endurlausnina sem „frjálsræðisverk“ sem krefjist virkni, þátttöku og ábyrgðar af mannsins hálfu (sjá síðari grein). Hvernig mun þeim farnast sem ekki axla ábyrgð sína í því efni? Sé hér um ósamræmi að ræða ber að gæta þess að predikanirnar voru fluttar við mismunandi aðstæður á nokkurra ára tímabili og tæpast er mögulegt að gera ráð fyrir að í þeim komi fram heildstætt kenningarkerfi er ekki láti einhvers staðar undan eða hýsi innri spennu. Þá ber hugsanlega að skoða þessi ummæli í ljósi þess er Páll sagði í páskaræðunni sem valin var í *Helgidaga-prédikanir* hans:

En þar sem postulinn segir, að „þjáning og þrenging muni koma yfir sál hvers manns, sem illt fremur, þá á hann auðvitað ekki einungis við þetta líf, sem nú er, heldur og hið tilkomanda; það er óumflýjanlegt að slíkt komi yfir ranglætið, hvar sem það er framið, hvort heldur hér eða þar, það er ráðstöfun guðs, að svo skuli vera, og hún er mönnum til góðs, því ekki er himnafaðirinn að glata og tortýma, heldur er *hann að frelsa*.“¹²³

Þeirri ræðu lauk hann svo með orðunum: „Það verður því um aldir stöðugt að standa, sem bæði ritningin kennir og samvizkan samþykkir, að „guð mun gjalda einum og sérhverjum eftir verkum hans““.¹²⁴ Boðskapur Páls um endurlausnina, upprisuna og eilíf afdrif mannsins var, hvað sem öðru líður, engan veginn ódýr eða alvörulaus þótt honum blöskraði eilíf útskúfun og teldi hana ekki samrýmast kærleiksboðskap kirkjunnar.

¹²⁰ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 5.

¹²¹ Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 5.

¹²² Páll Sigurðsson, *Páskaræða*, bls. 12–13.

¹²³ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 163–164.

¹²⁴ Páll Sigurðsson, *Helgidaga-prédikanir*, bls. 164.

Niðurstaða

Markmið þessarar fyrri greinar um Pál Sigurðsson í Gaulverjabæ og *Helgidaga-predikanir* hans — sem oft voru nefndar Páls-postilla — var að kanna stöðu Páls gagnvart frjálsslyndu guðfræðinni. Í því sambandi ber að hafa hugfast að Páll var látinn fyrir rúmum áratug og postilla hans komin út fyrir nokkrum árum þegar frjálsslynda guðfræðin í guðfræðisögulegri merkingu er almennt talin hafa rutt sér til rúms hér á landi. Í þessari grein var einkum að því stefnt að grafast fyrir um hvort, þrátt fyrir þetta, beri að líta svo á að Páll hafi tilheyrt þessu sögulega tímabili og hvort ef til vill beri að líta svo á að hann hafi verið af fyrstu kynslóð þeirra sem slíka guðfræði boðuðu hér innanlands.

Í því sambandi ber að hafa hugfast að helstu kennimörkum frjálsslyndu guðfræðinnar hefur verið lýst svo að fylgjendur hennar telji trúarreynslu og sannfæringu einstaklingsins æðri en opinberar játningar og helgisiði; þeir leitist við að eiga samleið með „nú tímalegri“ hugsun, menntun og menningu og keppa þannig að því að túlkun þeirra á kristindóminum standist kröfur skynseminnar og í þriðja lagi standi þeir vörð um sjálfsforræði einstaklingsins meðal annars hvað varðar trúarafstöðu og trúariðkun. Þá eru þeir taldir hafa sett Jesúm Krist og einstaklinginn í forgrunn. Þá er bent á að samkvæmt frjálsslyndu guðfræðinni sé guðsríki eitt meginatriðið í boðskap Krists. Loks voru sögulega gagnrýnin viðhorf í biblíurannsóknum og túlkun á hefðbundnum kirkjukeningum meðal einkenna á stefnunni, auk bjartsýnnar söguskoðunar og mannskilnings.

Þegar guðfræði Páls Sigurðssonar er skoðuð í ljósi þessara einkenna má fullyrða með nú tímalegu orðalagi að hann „skori fullt hús stiga“ sem frjálsslyndur guðfræðingur og hljóti að teljast dæmigerður fulltrúi þeirrar stefnu. Áherslan á gildi einstaklingsbundinnar sannfæringar umfram kirkjulegar kenningar eða játningar kom skýrt fram í gagnrýni hans á hefðbundna „dogmatíska“ boðun og fræðslu kirkjunnar, sem og áherslan á þá bjargföstu skoðun hans að sérhverjum kennimanni bæri að predika samkvæmt eigin sannfæringu og kosta kapps um að þjóna fremur sannleikanum en kirkjunni. Þá leit Páll svo á að auk sannfæringarinnar og samvikunnar væri skynsemin grundvallarviðmiðun í trúarlegri þekkingarfræði. Helst má raunar benda á að sögulega gagnrýnin viðhorf eru ekki áberandi í postillu hans en þeim má greinilega finna stað í páskaræðu hans sem var gefin út stök árið eftir að hann dó. Í ljósi þessa skiptir í raun litlu hvort fremur er litið á hann sem beinan fyrirrennara frjálsslyndu guðfræðinnar eða fulltrúa fyrir fyrstu kynslóð stefnunnar enda virðist ekki eðlis-munur þar á heldur velti munurinn fremur á hvernig kynslóðir eru taldar. Í síðari greininni um þetta efni verður svo meðal annars sýnt fram á hvern sess guðsríkis-boðskapurinn skipaði í boðun Páls, sem og jákvæðri afstöðu hans til mannsins og framtíðarmöguleika hans í þessum heimi og öðrum.

Virðist eðlilegast að bregðast við þessari niðurstöðu með því að líta svo á að tímabil frjálsslyndu guðfræðinnar hafi hafist hér á landi nokkru fyrir en gert hefur verið ráð fyrir til þessa eða að minnsta kosti með útgáfu Páls-postillu 1894. Hér skiptir tímasetningin þó ekki höfuðmáli heldur staða ritsins og höfundar þess. Hér er heldur ekki tekin afstaða til þess hvort líta ætti svo á að tímabilið hefjist enn fyrir

en hingað til hefur verið álitid og þá helst með einhverjum ritverkum Matthíasar Jochumssonar, vinar Páls og samherja. Hér hefur Páll einn verið til athugunar.

Áð þessu sögðu skal viðurkennt að Páll Sigurðsson var ekki háskólamenntaður guðfræðingur og lét ekki eftir sig eiginleg guðfræðileg rit þar eð þann flokk fylla predikanir tæplega. Þær ber fremur að skoða sem hagnýta, kirkjulega texta sem mótast af ýmsu öðru en guðfræði í þröngri merkingu. Af þeim sökum hefur það ekki verið sérstakt viðfangsefni í þessari grein að leitast við að greina hvaða einstakir höfundar hafi verið „lærifeður“ Páls eða fyrirmyndir og hvernig áhrif þeirra komi fram í ræðum hans. Sú athugun sem hér hefur verið gerð raskar þó hvorki þeirri viðteknu skoðun né útfærir hana nákvæmar að ameríski únítarinn William Ellery Channing hafi haft sterk áhrif á boðun Páls. Ekkert hefur hins vegar komið fram í rannsókninni sem gefur til kynna að Páll hafi þar fyrir aðhyllst únítaríska kristindómstúlkun í eiginlegri merkingu þess orðs en ýmsir hafa hallast að því, bæði fyrr og síðar. Er hér fremur litið svo á að þar sé um stimpil að ræða sem nokkrir gagnrýnendur postillunnar hafi skellt á hana skömmu eftir að hún kom út, eins og oft vill verða í hita leiksins. Þá var höfundurinn ekki lengur ofar moldu og gat ekki brugðist við. Af gagnrýnendunum gekk þó enginn lengra en að halda því fram að Páll væri hófsamur únítari. Er þá þess að geta að skammt var milli róttækrar frjálslýndrar guðfræði, eða nýguðfræði eins og hún þróaðist í engilsaxneska heiminum, og hófsams únítarisma.